



Sigtún þróunarfélag keypti Landsbankahúsið



Landsbankahúsið þykir tignarlegt.

Sigtún þróunarfélag hefur keypt Landsbankahúsið á Selfossi. „Þessi kaup eru liður í uppbyggingu okkar á Selfossi og undirstrikar þá sannfæringu sem við höfum fyrir framtíðarmöguleikum bæjarins. Húsið er stór hluti af sögu og bæjarmynd Selfoss og í því liggja mikil menningarverðmæti. Sigtún þróunarfélag er meðvitað um varðveislugildi

hússins og mun leggja áherslu á að það haldi reisu sinni til framtíðar og að dyr þess verði áfram opnar Selfyssingum og gestum þeirra,“ segir Leó Arnason í tilkynningu. Á íbúasíðum á Facebook lýsa flestir yfir ánægju sinni með þessa þróun mála. Nú verður spennandi að fylgjast með hvaða starfsemi verður í húsinu.

Kjarval á Kirkjubæjarklaustri lokað

Eins og fram hefur komið í efri hluta mun versluninni Kjarval á Kirkjubæjarklaustri verða lokað frá og með 1. janúar 2021. Þannig verða, ef fer fram sem horfir, íbúar verslunarlausir og þurfa að aka um 70 km í næstu verslun. Bent hefur verið á það að íbúar geti nýtt sér netverslun Krónunnar, en íbúar gefa ekki mikið fyrir það, enda óhagræði að því að þurfa að skipuleggja vöruinnkaup með þeim hætti.

„Sveitarstjórn Skaftárhrepps vill koma á framfæri vonbrigðum með þennan stutta fyrirvara sem íbúum er gefinn, því ógerlegt er að koma upp nýjum valkosti í matvöruverslun innan þessa tímaramma. Sveitarstjórn Skaftárhrepps getur ekki á nokkurn hátt stutt við eða talað fyrir lausnum sem skerða þjónustu við íbúa sveitarfélagsins. Slíkt rýrir samkeppnishæfni sveitarfélagsins sem ákjósan-

legan búsetukost til framtíðar. Í ljósi þess að þúsundir manna fara um Skaftárhrepp á hverjum degi í eðlilegu árferði hlýtur staðsetning fyrir verslun á Kirkjubæjarklaustri að teljast fýsilegur kostur.“ Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að leita leiða til að tryggja að áfram verði dagvöruverslun rekin í sveitarfélaginu. Nánari umfjöllun um málið má finna í blaðinu.

-gpp

Jólatré Kamillu Briem skreytt á Byggðasafni Árnesinga



Jónsson í Þverspyrnu smíðaði fyrir prestfrúna Kamillu Briem árið 1873.

Skreytingin gekk mjög vel. Safnstjórnin, Lýður Pálsson, var búinn að fara upp í Snæfoksstaðaskóg og tína lyng til að skreyta með. Að verki loknu voru kakó og smákökur í boði. Síðan skoðaði hópurinn safnið. Meðfylgjandi ljósmynd sýnir hópinn ásamt jólatrénu.

Þessi heimsókn markar upphaf jóladagskrár Byggðasafns Árnesinga sem verður vissulega með óvenjulegu sniði vegna heimsfaraldurs í ár. Á heimasíðu safnsins, byggdasafn.is, má finna dagskrána, en hluta af henni verður streymt.

-gpp

Nemendur 10. bekkjar Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri komu í heimsókn þann 27. nóvember og skreyttu eftirlíkingu af elsta jólatré landsins, jólatrénu frá Hruna sem Jón

Útgáfudagar Dagskrárinnar yfir jól og áramót

Útgáfudagar Dagskrárinnar í desember verður með eftirfarandi hætti:

- Miðvikudaginn 9. des. (Jólablað Dagskrárinnar)
- Miðvikudaginn 16. des.
- Þriðjudaginn 22. des. (síðasta blað ársins).
- Miðvikudaginn 6. janúar (fyrsta blað ársins).

Við minnum á að auglýsingar þurfa að berast fyrir hádegi á mánudegi þeirrar viku sem blaðið kemur út. Auglýsingar sem eiga að



berast í blaðið sem kemur út 22. des. þurfa að berast fyrir hádegi föstudaginn 8. des. Jólablaðið er jafnan vel lesið og gott auglýsingatækifæri fyrir fyrirtæki. Hafið samband í 482 1944 fyrir nánari upplýsingar.

Brrr...

Það er farið að kólna!
Nú er rétti tíminn til að yfirfara og stilla hitakerfi og snjóbræðslur fyrir veturinn.



**PÍPULAGNIR
HELGA**

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



JÖTUNN

Austurvegi 69 // 800 Selfoss // 480 0400 // jotunn.is // jotunn@jotunn.is



Verið velkomin
í heimsókn

Motivo.is

Hönnun, tíska og gjafavara

Austurvegi 9 Selfossi S. 482 1700 Motivo.is



Hvers vegna Hálandisþjóðgarð?

Nokkuð hefur verið ritað og rætt síðustu misseri um stofnun Hálandisþjóðgarðs og sitt sýnist hverjum í þeim efnum. Ýmsir hafa þeyst fram á ritvöllinn og tjáð sínar skoðanir. Ég finn mig knúna til að leggja orð í belg varðandi þetta málefni enda hálandi Íslands mér bæði hjartfólgið og dýrmætt. Þær raddir sem eru mótfallnar Hálandisþjóðgarði hafa haft hátt en minna heyrst frá þeim sem eru fylgjandi málefnum, þó ég telji að það segi samt ekki allt um stærð þessara hópa. Í mínum huga eru mikil tækifæri fólgin í stofnun Hálandisþjóðgarðs. Það myndi styrkja hinar dreifðari sveitir landsins, aukin atvinnutækifæri með tilheyrandi jákvæðum áhrifum inn í samfélögin. Verkefninu myndi fylgja aukin náttúruvernd og umsjón með viðkvæmum svæðum, uppbygging innviða og stýring á álagi. Með þessu er ég alls ekki að kasta rýrð á þau góðu verk sem mörg sveitarfélög hafa unnið á hálandinu, síður en svo, en ég sé því heldur ekkert til fyrirstöðu að ríki og sveitarfélög fari í samstarf og myndi það efla hálandið enn frekar. Það myndu allir græða á því. Sumir segja að þetta verkefni sé of fjárfrekt ekki síst nú þegar herðir að.

Kolbrún
Haraldsdóttir,

skrifar um
hálandisþjóðgarð.



hafa sveitarfélög ein og sér ekki haft bolmagn til að bjóða uppá hingað til.

Stofnun Hálandisþjóðgarðs er hvorki einföld né auðveld aðgerð, gefa þarf góðan tíma til skrafs og ráðagerða, semja sig niður á sameiginlega niðurstöðu. Ég hef tröllatru á slíkum vinnubrögðum. Ég tel að umhverfisráðherra hafi lagt sig í alvörunni fram um að taka þetta samtal, hlustað á hagaðila og teygst sig langt til að ná sáttum. Komið hefur verið til móts við sveitarfélög og hagaðila t.d. varðandi áhyggjur sveitarfélaga varðandi aðkomu þeirra að skipulagsmálum með skýrari útfærslu, mögulegir virkjunarkostir verði á skilgreindum jaðarsvæðum og breytt tillögum um svæðisskiptingum eftir óskum sveitarfélaga. Ég vil hvetja alla til að kynna sér þetta verkefni og mynda sér skoðun á því á eigin forsendum. Því miður er það mín upplifun að það eru ekki allir tilbúnir til að taka samtalið og vilja þverskallast á móti stofnun Hálandisþjóðgarðs, sama hvað. Ég vil hvetja alla sem málið varðar til að taka samtalið með jákvæðum huga og að minnsta kosti reyna að sjá kosti við stofnun Hálandisþjóðgarðs, sem eru jú mýrmargir.

Búið að velja í Gettu betur lið FSu



Ekki er búið að ákveða hvenær verður dregið fyrir fyrstu umferð.

Línur eru farnar að skýrast varðandi Gettu betur á næsta ári. Mikil óvissa var um það hvort keppnin myndi fara fram á næsta ári, en RÚV gaf út tilkynningu sl. föstudag þess efnis að halda ætti keppnina með hefðbundnu sniði, en þó með fyrirvara um breytingar vegna Covid. Fyrsta umferð hefst 4. janúar og verður send út á RÚV Núll. Ekki hefur verið gefið út hvenær dregið verður fyrir umferðina.

Miðvikudaginn 25. nóvember fór fram forval í FSu og í kjölfarið var lið skólans valið. Gettu betur-lið FSu árið 2021 er skipað þeim Ásrúnu Aldísi Hreinsdóttur, Ásthildi Ragnarsdóttur og Hlyni Héðinssyni, en varamaður er Tristan Magni Hauksson. Liðið mun æfa reglulega fram að keppni og spennandi verður að sjá hvaða skóla það mætir í fyrstu umferð.

Starfsmenn Árborgar koma fyrir jólatrénu í Tryggvagarði



Jólatréð í Tryggvagarði hefur Jundanfarin ár verið fagurlega skreytt og bænum til sóma. Það var Hallgrímur P. Helgason, ljómyndari á Selfossi sem sendi okkur þessar myndir. Hallgrímur hafði á orði að þetta væri fyrri hluti myndanna sem hann sendi frá sér, en hann ætlar að mynda tréð þegar það er komið í fullan skrud. Hallgrímur er duglegur að leyfa íbúum Árborgar að njóta myndanna, en hann setur þær gjarna á íbúasíður sveitarfélagsins.

-gpp



JÓLAFATNAÐUR JÓLAGJAFIR

ALLTAF OPIÐ Í VEFVERSLUN OKKAR
TISKUVERSLUN.IS

LINDIN
TÍSKUVERSLUN
Eyravegji 29 · Selfossi · Sími 482 1800

Spennandi barnabækur fyrir 2-5 ára



Guðný Anna Annasdóttir.

Nýlega komu út þrjár barnabækur á vegum útgáfufélagsins Gudda Creative ehf. Þetta eru bækurnar: Lindís strýkur úr leikskólanum, Lindís og kúluhúsið, og Lindís vitjar neta. Höfundur bókanna er Guðný Anna Annasdóttir leikskólakennari og hjúkrunarfræðingur. Bækurnar eru ríkulega myndskreyttar af syni hennar, Páli Jóhanni Sigurjónssyni, myndlistarmanni.

Bækurnar fjalla um Lindísi, sem er 4 ára leikskólastúlka. Í bókinni Lindís strýkur úr leikskólanum tekur hún til sinna ráða og strýkur úr leikskólanum. Bókin er ævintýraleg og sýnir



Barnabarn Guðnýjar Önnu var m.a. innblástur að bókunum hér að ofan

hvað Lindís getur áorkað þegar söknuðurinn verður afgerandi. Í bókinni Lindís og kúluhúsið, fer hún í heimsókn til afa síns í kúluhúsið hans við Elliðavatn. Hún lærir af afa sínum hvernig hægt er að lifa með virðingu fyrir náttúrunni og umhverfinu. Því umhverfið og náttúran umlykja allt okkar mannlega samfélag. Í bókinni Lindís vitjar neta, fer hún í páskaheimsókn til Ísa-fjarðar. Það gerast ævintýri þar, þegar hún fer á grásleppuveiðar. Siglt var frá Sundahöfninni til að vitja neta og komið með marga fiska að landi.

Guðný Anna sótti innblástur í söguna Lindís og kúluhúsið,

m.a. til Auðkúlu við Helli og skóglendinu þar í kring. Hugmyndin kviknaði þegar barnabarn Guðnýjar Önnu kom í heimsókn og hjálpaði til við að gefa blómunum og trjánum vatn og grísa plöntur.

Markmiðið með bókunum er að setja leikskólastigið, sem er fyrsta skólastig barna, í brennidepil í íslenskum barnabókmenntum. Lítið hefur verið skrifað af íslenskum bókum þar sem leikskólakrakkar spila aðal hlutverkið í íslensku samfélagi.

Bækurnar eru ætlaðar börnum á aldrinum 2-5 ára og eru prentaðar hjá Prentmeti Odda, svansvottaðri prentsmiðju.



Zsóka Leposa doktorsnemi í listfræði sem vinnur hjá safninu við skráningar.

Örsýning í Dagskránni úr safneign LÁ

Þó Covid-19 hafi haft afar þneikvæð áhrif á flesta þætti mann- og menningarlífs þjóðarinnar, þá hefur það haft ýmislegt jákvætt í för með sér, ef vel er að gáð. Listasafni Árnesinga hefur gefist gott tækifæri til þess að fara yfir safneignina, en safnið á afar merkilega safneign sem kannski er ekki á allra vitorði. Sem oftast kom ég við í LÁ í kaffisopa og spjall. Það varð úr að við Kristín Scheving, safnstjóri ákváðum að segja stuttar örsögur eða fróðleiksmola með mynd af áhugaverðum gripum úr safneigninni.

Gleðjum augað á aðventunni

„Þetta var skemmtileg hugmynd sem kom þarna upp. Safnið á auðvitað mikla og áhugavera safneign sem jafnvel hefur ekki komið fyrir augu fólks í langan tíma. Þarna gefst okkur tækifæri til þess að sýna aðeins inn í þennan glugga og fræða um leið, sem er jú hlutverk safnsins,“ segir Kristín. Unnendur listar og menningar geta því sett sig í stellingar og beðið óþreyjufullir eftir því að fá brot úr safneign Listasafns Árnesinga heim í hverri viku fram að jólum. -gpp



Jólagjafir
...og nóg pláss

Herraskyrtur
Str. M-6XL, margir litir og munstur

Bambus herra boxer og sokkar

Belti
Margar gerðir af leðurbeltum

Dömupeysa
Þrír litir, str. S-2XL

Kven hettupeysur
Str. 36-54

Langerma póló
Str. M-3XL, þrír litir

STRIKIÐ
Fataverslun
Austurvegji 69 - Selfossi - 482 2555
Opíð mán-fös 12-18 · lau 11-16

Lág álagning - þinn hagur



Aðventu, áramót og eldvarnir

Aðventunni eru slökkviliðsmenn oft minntir á hve skammt er milli gleði og sorgar, gleði þegar jólin og áramótin ganga í garð með allri sinni ljósadýrð og eftirvæntingu sem fylgir undirbúningi jóllanna og þeirri sorg og örvæntingu sem hellist yfir fólk þegar eldur hefur kviknað á heimili þeirra. Til að lágmarka hættu af eldsvoða og koma í veg fyrir þá sorg sem eldsvoða fylgir er nauðsynlegt að huga að eldvörnum heima við og á vinnustaðnum t.d. með því að endurnýja rafhlöður í reykskynjurum, athuga með eldvarnateppið og slökkvitækið en það þarf að yfirfara á hverju ári.

Þegar kertaskreytingar eru

búnar til þarf kertið að standa á óbrennanlegu undirlagi og þannig um skreytinguna búið að hún brenni ekki þó að kertið brenni niður, þá skiptir staðsetning kertaskreytinga miklu máli og þarf að varast að þær séu of nálægt aðbrennanlegum efnum s.s. gluggatjöldum, gæta þess vel að ekki séu logandi kerti þegar heimili eða vinnustaður er yfirgefinn.

Athuga þarf rafmagnssnúður, hvort þær séu í lagi og varast að tengja of mörg tæki við sömu innstungu, skynsamlegt er að slökkva á jóllaskreytingum yfir nóttu því hafa þarf í huga að engin jóllaljos eða rafmagnstæki eru svo örugg að hægt sé að útiloka íkveikju af þeirra völdum.

Um áramót þarf að huga að

þeirri hættu sem er samfara áramótabrennum og flugeldum, tryggilega þarf að ganga frá undirstöðum þegar flugeldum er skotið upp, ávallt þarf að nota hlífðargleraugu og hanska og fylgja þeim leiðbeiningum sem á skoteldunum standa í hvívetna.

Þurfi fólk á ráðleggingum að halda um brunavarnir eru starfsmenn BÁ ávallt reiðubúnir til að aðstoða og ráðleggja fólki. Hægt er að hafa samband í síma 4 800 900 á skrifstofutíma til skrafs og ráðagerða en ef hættu ber að garði minnum við fólk á að hika ekki við að hafa samband við Neyðarlínuna 112. Á heimasíðu Brunavarna Árnassýslu má finna ýmis fræðsluerindi og myndbönd um eldvarnir og viðbrögð við þeim.

Björgunarfélag Árborgar gefur endurskinsmerki

Björgunarfélag Árborgar gaf börnum á yngsta stigi í Vallaskóla endurskinsmerki og hvatti þau til að vera dugleg að nota þau í skammdaginu. Sveinn Ægir fulltrúi björgunarfélagsins og stuðningsfulltrúi í Vallaskóla kom í gallanum og færði þeim endurskinsmerkin.



DAGSKRÁIN

FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dagskrain@prentmet.is.

Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gpp@prentmetoddi.is.

Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, skh@prentmetoddi.is.

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyravegi 25, Selfossi, fyrir hádegis á mánuðögum.

Upplag: 8700 eintök.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858



Vísingátur-höf. Ármann Dalmannsson - Útg. Bókauktáfan SKRUDDA

Gáta vikunnar

Ég er öllum klerkum kær og kirkjupryði, hjálpa þeim, er lækna lýði, löngum skólástjórasmíði.

Svar við gátu í blaði 2574: **BITI.**

1. lína: **Matarbiti** - 2. lína: **Selbiti**

3. lína: **Fjósbíti**



Sunnlenski matgæðingurinn



Matgæðingur vikunnar er **Arna Dögg Arnþórsdóttir.**

Góðan dag.

Ég er nú enginn meistarakokkur en mun standast þessa áskorun sem Guðbergur Baldursson svokallaður vinur minn á Fitjamýri kom mér í.

Ég ætla að bjóða ykkur upp á pabbasteik eins og hún er kölluð á mínu heimili sem er auðvitað réttur með íslensku lambakjöti.

Pabbasteik

Lambakjötsbitar

Gott að nota frampartsneiðar.

Aðferð

Steikið kjötbitana á pönnu, gott að hafa þá frekar þunna. Kryddið á pönnunni með smá salti, kjöt- & grillkryddi og season-all eða sambærilegu kryddi. Steikið þá vel beggja megin. Hellið ca. hálfu glasi af vatni út á pönnuna, lokið yfir og lofið þessu að sjóða á vægum hita í 30 mín.

Sjóðið kartöflur, ræðið þeim síðan á ofnplötu, kremjið þær aðeins niður og hellið örlitlu af matarolíu yfir hverja kartöflu og stráðið smá grófu salti yfir þær. Inn í bakarofn á háum hita; 200-220 gráður í 10 mín. Stílið ofninn á grill í lokin í ca. 5 mín. til að þær verði svolítið krispí.

Ég ætla að skora á vinkonu mína Helgu Lucie Andrée Káradóttur til að vera næsti matgæðingur vikunnar. Hún er mikill meistarakokkur og ekki síðri bakari. Hún verður nú ekki í vandræðum með að deila með okkur góðri uppskrift.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Jólamarkaður Rauða krossins í Árnassýslu

Undanfarin ár hefur prjónahópurinn „Síðasta umferðin“ hjá Rauða krossinum í Árnassýslu haldið basar fyrsta vetrardag. Vegna Covid-19 höfum við ekki getað haldið hann.

Þetta árið verðum við með jólamarkað að Eyravegi 23 á Selfossi. Markaðurinn opnaði 1. desember sl. Á markaðinum má kaupa mjög fallegt handverk á góðu verði.

Vegna fjöldatakmarkana verður ekki hægt að hleypa inn nema 5 í einu. Við minnum á að það er grímu- og hanskaskylda. Allur ágóði af markaðinum mun renna í Sjóðinn góða.

Opnun jólamarkaðarinnar sem hér segir:

Þriðjudag 1. desember kl. 11 - 15 og 16 - 18.
Miðvikudag 2. desember kl. 11 - 15 og 16 - 18.
Fimmtudag 3. desember kl. 11 - 15.
Laugardag 5. desember kl. 11 - 14.

Eftir það verður opnunartíminn: Mánudaga til fimmtudaga frá kl. 11 - 14.



Rauði krossinn



Asparskógrækt í lúpínubreiðum á Suðurlandi

Tilraunir með stungu órættra aspargræðlinga í lúpínubreiðum gefa til kynna að nauðsynlegt sé að jarðtæta svæði að vori ef nota á hefðbundna 20 sentímetra langa græðlinga í slíkum verkefnum. Einnig kemur í ljós að vænlegast geti verið að nota lengri græðlinga ef minni inngrip eru gerð í formi jarðvinnslu. Þetta er meðal niðurstaðna í tilraunum Jóhönnu Bergrúnar Ólafsdóttur, sérfræðings á Mógilsá.

Jóhanna vann að þessum tilraunum í meistara verkefni sínu við Landbúnaðarháskóla Íslands. Verkefnið naut styrks úr Minn-

ingarsjóði Hjálmars og Else Bárðarson. Nýverið var skilað lokaskýrslu til sjóðsins þar sem Hreinn Óskarsson, sviðsstjóri þjóðskóga hjá Skógræktinni, og Úlfur Óskarsson, lektor við LbhÍ, eru meðhöfundar.

Alaskaösp er hraðvaxta tegund sem hefur sannað gildi sitt í skógrækt hérlendis. Einn af kostum asparinnar er að auðvelt er að fjölga henni með græðlingum, klipptum úr greinum uppkominna trjáa. Hægt er að spara kostnað við plöntuframleiðslu með beinni stungu órættra græðlinga af alaskaösp og er það umfjöllunarefni í þessu verkefni.

Alaskaösp er ljóselsk og því þarf að tryggja samkeppnisstöðu hennar gagnvart staðargróðri á fyrstu vaxtarárum. Lúpínusvæði eru þeim kostum gædd að lúpín-an skaffar mikið magn af lífrænu efni á hverju ári og með tímanum myndar hún góðan forða næringarefna sem nýfast öðrum gróðri sem kemur inn á svæðin. Gerðar voru tilraunir með mismunandi jarðvinnsluáferðir í lúpínubreiðum og könnuð lifun og vöxtur órættra græðlinga af alaskaösp.

Lúpínusvæðin sem voru til skoðunar voru bæði á Suðurlandi, annars vegar Skarfaness í

Rangárþingi ytra og hins vegar Ytra-Seljaland í Rangárþingi eystra. Jarðvinnslutilraun var á báðum stöðum og í hana var stungið niður 20 cm löngum græðlingum. Á Ytra-Seljalandi var einnig tilraun með mislanga græðlinga sem stungið var í lúpínubreiðu sem hafði verið jarðunnin með TTS-herfi. Græðlingarnir í þeirri tilraun voru 20, 40, 80 og 100 cm langir. 100 cm græðlingarnir voru bolefni (stofnar felldra trjáa). Voru þeir lagðir lárétt og jarðvegi rutt að þeim. Öðrum lengdum var stungið lóðrétt niður á hefðbundinn hátt.

Nýr starfsmaður á skrifstofu Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Hrönn Jónsdóttir hóf störf sem fulltrúi á skrifstofu Skeiða- og Gnúpverjahrepps 1. nóvember síðastliðinn. Helstu verkefni Hrannar eru skjalavarsla, greiðsla reikninga, upplýsingagjöf, símsvörun og annað tilfallandi. Hrönn mun setjast í stól Kristjönu H. Gestsdóttur sem mun láta af störfum á næstunni eftir farsæl störf fyrir sveitarfélagið um árabíl. Hrönn hefur lokið BSc. námi í ferðamálafræði og hefur auk þess stundað nám í Búvísindum við Landbúnaðarháskóla Íslands. Hrönn er ýmsum störfum vön og hefur síðastliðin ár verið verslunarstjóri Föðurblöndunnar á Selfossi. Um tíma var Hrönn framkvæmdastjóri Ungmennasambands Borgarfjarðar. Auk þess hefur hún meðal annars starfað í ferðaþjónustu, tómstundastarfi með ungmennum, stundakennslu, fiskverkun og í sláturhúsi. Hrönn er gift Gylfa Sigríðarsyni bónda og eiga þau saman tvö ung börn, þau stunda sauðfjárbúskap í Háholti. Við væntum góðs af störfum Hrannar og bjóðum hana velkomna til starfa.



Sendu jólapakkann fyrir **999 kr.** hvert á land sem er

Eimskip býður ódýrari dreifingu jólapakka um allt land

Við sendum jólapakkann þinn til vina og vandamanna um land allt fyrir aðeins 999 krónur. Verðið gildir fyrir alla pakka undir 50 kg að þyngd og 50 x 50 x 50 cm að stærð.

Við erum líka sérfræðingar í flutningi á kæli- og frystivöru svo við getum líka flutt jólamatinn hvert á land sem er fyrir 999 krónur.

Kíktu á www.eimskip.is og skráðu þína sendingu áður en þú kemur með pakkann. Þannig hjálpumst við öll að við að takmarka biðraðir og drögum um leið úr smíthættu.

EIMSKIP

Ingigerður Stefánsdóttir nýr leikskólastjóri Heklukots á Hellu

Ingigerður Stefánsdóttir er 57 ára leikskólastjóri við leikskóla Snæfellsbæjar. Ingigerður er leikskólakennari að mennt og útskrifaðist frá Kennaraháskólanum í Solna, Stokkhólmi 1987 og tók diplómagráðu í stjórnun frá Kennaraháskóla Íslands 2004. Þá hefur Ingigerður sótt margháttuð fagnámskeið á sviði leikskólakennslu og stjórnunar á umliðnum árum. Hún hefur starfað sem leikskólastjóri í 29 ár, fyrst á Ísafirði árin 1991-2003 og frá árinu 2003 hjá Snæfellsbæ og þar af nú síðustu árin sem forstöðumaður beggja starfsstöðva hans á Hellissandi og Ólafsvík. Á Ísafirði tók Ingigerður þátt í að byggja upp nýjan leikskóla frá grunni. Ingigerður hefur því mjög víðtæka reynslu af stjórnun leikskóla og hefur átt mjög farsælan feril á þeim vettvangi. Auður Erla Logadóttir fráfarandi leikskólastjóri lætur af störfum um áramótin en Rósa Hlín Óskarsdóttir aðstoðarleikskólastjóri mun stýra leikskólanum í samstarfi við Ingigerði þar til hún kemur að fullu til starfa í Heklukoti næsta vor.

Starfið var auglýst í Morgunblaðinu, Bændablaðinu, Dagsskránni og Búkollu og á heimasíðu Rangárbings ytra í október 2020 með umsóknarfrest til 20. október 2020. Umsækjendur voru 3 talsins. Umsóknir voru flokkaðar með tilliti til þess hversu vel umsækjendur uppfylltu menntunar- og hæfniskröfur og ljóst að mjög góðar umsóknir lágu fyrir. Í auglýsingu um starfið var tekið fram að leitað væri eftir einstaklingi sem væri tilbúinn til að ganga glaður til verka og leiða af dugnaði öflugt leikskólasamfélag með samstöðu og árangur að leiðarljósi. Gerðar voru þær menntunar- og hæfniskröfur að umsækjandi hefði leikskólakennaramenntun eða leyfisbréf samkvæmt núgildandi lögum og byggja að farsælli starfsreynslu í leikskóla. Þá þyrfti umsækjandi að hafa fram-



haldsmenntun á sviði stjórnunar eða uppeldis- og menntunarfræða og/eda búa að farsælli stjórnunarreynslu. Önnur atriði sem lögð voru til grundvallar voru færni og reynsla í starfsmannastjórnun, stefnumótun og áætlanagerð og hæfni í samskiptum. Þá var reynsla í fjármálastjórnun talinn kostur. Eftir yfirferð og kynningu umsókna í stjórn Odda bs var ákveðið að bjóða öllum 3 umsækjendum til viðtals þann 4. nóvember 2020. Viðtölin tóku Ágúst Sigurðsson sveitarstjóri Rangárbings ytra og framkvæmdastjóri Odda bs, Björk Grétarsdóttir formaður stjórnar Odda bs, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri Ásahrepps og Margrét Harpa Guðsteinsdóttir stjórnarmaður í Odda bs. Umsækjendur mættu hver og einn til viðtals á fjárfundi (Zoom) og hvert viðtal tók allt að 1 klst.

Það var samdóma álit þeirra sem viðtölin tóku að hæfust til að gegna starfinu væri Ingigerður Stefánsdóttir. Haft var samband við samstarfsaðila úr núverandi starfi og fékk hún góða umsögn þar til að gegna starfi leikskólastjóra.

Vilja reka verslun í húsnæði Kjarvals á Kirkjubæjarklaustri

Kaupendur að húsnæði Kjarvals vilja reka þar verslun. Í tilkynningu frá kaupendunum kemur fram að þau hafi keypt húsnæðið, en átt fyrir stóran hluta hússins, rými sem hýsir Systrakaffi og Arion banka. „Við fengum boð um að kaupa húsnæði Festis (Kjarvals) og tókum við því. Við sáum einungis kosti að halda húsinu í höndum heimafólks sem hér býr, frekar en það lendi í höndum fólks sem gæti breytt húsinu í hvað sem er og lokað þar með á alla möguleika á að þarna verði áfram verslun,“ segir í tilkynningu frá eigendunum Guðmundi Vigni og Auði.

„Það er því okkar vilji og forgangsatríði að í húsinu verði áfram verslun. Það er hagur

okkar allra, skiptir alla miklu máli og kemur öllum við. Við erum opin fyrir öllu og erum að velta ýmsum möguleikum fyrir okkur þessa dagana, hlutirnir gerðust hratt og því hefur ekki mikill tími verið til stefnu. Eitt og annað veltist um í kollinum á okkur, hvort við munum sjálf fara út í þennan rekstur eða leigja húsið út til einhvers sem vill hefja rekstur búðar, það er allt til skoðunar. Við viljum því endilega hvetja fólk sem hefði áhuga á að koma af stað rekstri verslunar að hafa samband við okkur. Við áttum gott spjall við sveitarstjórn í gær og er vilji þeirra og okkar að lausn finnst á þessu máli.

Að sjálfsögðu er lokun Kjarvals mikill skellur fyrir alla,

ýmsar sögusagnir fara af stað í kjölfarið og skiljanlega gætir reiði meðal fólks. Okkur þykir því miður að heyra neikvæðar raddir í garð okkar og að það sé okkar sök að Kjarval sé að fara. Sú ákvörðun um lokun búðarinnar er alfarið hjá Festi og höfðum við engin áhrif þar á. Okkur bauðst húsið til kaups og slögum til.

Enn og aftur viljum við ítreka að ef einhverjir hafa áhuga á að leigja húsið af okkur fyrir verslunarrekstur eða hafið einhverjar spurningar, þá skuluð þið ekki hika við að hafa samband. Það er betra að spyrja og fá svör, en að geta í eyðurnar,“ segja Guðmundur og Auður að lokum.



Tryggja aðgang iðnnema að vinnustaðanámi

Mennta- og menningarmálaráðherra kynnti ríkisstjórn í dag drög nýrrar reglugerðar um vinnustaðarnám og starfsþjálfun iðnnema í framhaldsskólum. Drögin verða kynnt í samráðsgátt stjórnvalda.

„Markmið nýrrar reglugerðar er annars vegar að færa ábyrgðina á því að iðnnámsnemandi komist í vinnustaðanámi frá nemendunum sjálfum til skólanna, og hins vegar að auðvelda núverandi nemendum í iðnnámi að ljúka starfsþjálfun þrátt fyrir sveiflur í atvinnulífinu,“ segir Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra.

Jafnframt gerir reglugerðin ráð fyrir að tímalengd vinnustaðanáms geti tekið mið af hæfni nemenda en ekki fyrirfram skilgreindum viknafjölda eins og verið hefur. Þá er í vinnslu rafræn ferilbók fyrir nemendur þar sem fram fer skráning á námi og námsferli nemandans bæði í skóla og á vinnustað. Markmið hennar er að efla gæði starfsþjálfunar með því að auka samskipti milli nem-



anda, skóla og vinnustaðar, hafa yfirsýn yfir hvernig hæfni nemandans vindur fram og auðvelda þannig nemandanum og skólanum að halda utan um námið. Í ferilbókinni er tiltekin hæfni nemanda staðfest af umsjónarmönnum skóla auk iðnmeistara, fyrirtækis og stofnana eftir því sem við á.

Takist skóla ekki að finna vinnustaðarnám fyrir nemendur er lagt til með reglu-

gerðardrögunum að farin verði svokölluð skólaleið. Í skólaleiðinni felst að skólinn í samstarfi við atvinnulífið tryggir að nemendi fái vinnustaðarnám þar sem námssamningur er gerður milli nemanda, skóla og fyrirtækis eða stofnunar um að veita nemanda tilskilda þjálfun og menntun. Vinnustaðarnámið gæti þá farið fram í skólanum sjálfum eða á vinnustöðum, einum eða fleiri.

Sjóðurinn góði auglýsir!

Næstu umsóknardagar eru sem hér segir:

Mánud. 7. des. kl. 9 - 12

Þriðjud. 8. des. kl. 15 - 18

Símar: 438 1051 - 438 1052 - 438 1053

Vinsamlega virðið þessar dagsetningar. Eingöngu tekið við umsókum þessa daga. Skoðið auglýsingu á Facebook **Sjóðurinn góði**. Þar er hægt að finna allar upplýsingar.

PIPAR
OST
BORGARI

Peppercorn
cheeseburger

1.795 kr.



Gos úr vél frá CCEP fylgir með

BBQ
KJÚKLINGA
QUESADILLA

BBQ chicken quesadilla

1.495 kr.



Tilboð gilda út desember 2020

N1 Hvolsvöllur



Flestir fylgjandi því að kosið verði um sameiningu



Íviðhorfskönnun sem Zenter Transsóknir gerðu meðal íbúa þeirra fimm sveitarfélaga sem eiga aðild að „Sveitarfélaginu Suðurlandi“ reyndust 69% þeirra sem tóku afstöðu hlynt því að sveitarfélögin taki upp formlegar sameiningarviðræður sem enda með íbúakosningu, en um 16% andvíg. Í fjórum sveitarfélögum er meirihluti svaraenda fylgjandi viðræðum, en meðal íbúa Ásahrepps er nánast jöfn skipting á milli þeirra sem eru hlyntir og þeirra sem eru andvígir. Þátttakendur í könnuninni voru 877, eða um 20% íbúa svæðisins 18 ára og eldri.

Megintilgangur könnunarinnar var að kanna viðhorf íbúa til þess að sveitarfélögin fimm hefji formlegar viðræður sem endi með því að íbúar greiði atkvæði um tillögu um sameiningu. Hæst er hlutfall þeirra sem segjast mjög eða frekar hlyntir áframhaldi viðræðum í Mýrdalshreppi (76%) en lægst í Ásahreppi (41%).

Viðhorf íbúa til þess að sameinast öðrum sveitarfélögum

Þegar spurt var um viðhorf til sameiningar þess sveitarfélags sem svarendur eru búsettir í reyndust íbúar Skaftárhrepps jákvæðastir fyrir sameiningu, en 73% svarenda í hreppnum sögðust mjög eða frekar hlyntir sameiningu við annað eða önnur sveitarfélög. Í Rangárþingi ytra og í Mýrdalshreppi var hlutfallið 62% en í Rangárþingi eystra var það 56%. Í Ásahreppi segjast 61% svarenda vera frekar eða mjög andvígir sameiningu og aðeins um 21% mjög eða frekar hlyntir.

Konur voru marktækt jákvæðari fyrir sameiningu en karlmenn, en 61% þeirra sögðust frekar eða mjög hlyntir sameiningu á móti 57% karla. Hlutfall karla sem sögðust andvígir sameiningu er 22% en 16% kvenna sögðust mjög eða frekar andvígir sameiningu.

Þekking á verkefninu „Sveitarfélagið Suðurland“

Í könnuninni voru svarendur m.a. spurðir hvort þeir hefðu kynnt sér verkefnið „Sveitarfélagið Suðurland“ og reyndust 42% svarenda hafa gert það með einum eða öðrum hætti. Þeir sem höfðu kynnt sér verkefnið voru marktækt hlyntari því að sameinast öðru sveitarfélagi eða sveitarfélögum en þeir sem ekki höfðu kynnt sér verkefnið. Af þeim sem það höfðu gert voru 72% mjög eða frekar hlyntir sameiningu en 49% þeirra sem ekki höfðu kynnt sér verkefnið. Einn af hverjum fimm sem höfðu ekki kynnt sér verkefnið var andvígur en um einn af hverjum sex sem höfðu kynnt sér verkefnið.

VÍNBUÐIN SELFOSSI

Við leitum að verzlunarstjóra

Við óskum eftir jákvæðum og röskum einstaklingi sem er tilbúinn að veita framúrskarandi og ábyrga þjónustu.

Helstu verkefni

- Sala og þjónusta við viðskiptavini
- Dagleg stjórnun, birgðahald og umhirða búðar
- Eftirfylgni þjónustu- og gæðastefnu fyrirtækisins
- Framstilling á vöru og vörumeðhöndlun

Hæfniskröfur

- Reynsla af verzlunarstörfum
- Reynsla af verkstjórn
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Góð framkoma, jákvæðni og rík þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Tölvukunnátta nauðsynleg, m.a. Navision

Starfshlutfall er 100%. Umsóknarfrestur er til og með 4. desember nk.

Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri. Umsóknir óskast fylltar út á vinbudin.is

Nánari upplýsingar: Guðrún Símonardóttir, starf@vinbudin.is – 560 7700.

ÁTVR rekur 51 Vínbúð um allt land. Stefna ÁTVR er að vera í hópi bestu þjónustufyrirtækja landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé öruggur, heilsueflandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKking – ÁBYRGÐ. Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.

Horft í áhrif COVID-19 á ferðaþjónustu í Hornafirði



Fáar atvinnugreinar hér á landi hafa fundið meira fyrir áhrifum kórónuveirufaraldursins en ferðaþjónustan enda hefur veiran og viðbrögð þjóða við henni nánast stöðvað ferðalög fólks um heiminn. Höggið sem hlýst af þessu skyndilega áfalli reynist sveitarfélögum hér á landi misjafnlega þungt en óhætt er að segja að íbúar og fyrirtæki á Höfn í Hornafirði hafi fundið mikið fyrir því. Þessir aðilar hafa verið miðdepill í rannsókn sem fræðimenn og nemendur við Háskóla Íslands hafa unnið í sumar og snýr að áhrifum COVID-19-faraldursins á ferðaþjónustu, samfélag og framtíðarsýn í sveitarfélaginu.

„Ferðaþjónusta hefur mikið vægi í Hornafirði, þar eru nú um 130 ferðaþjónustufyrirtæki, þar af 30 sem sérhæfa sig í afþreyingu. Flest þeirra eru fjölskyldufyrirtæki og ekki óalgengt að hjón starfi bæði hjá fyrirtækinu. Hrun ferðaþjónustunnar mun því ekki aðeins bitna á efnahag svæðisins heldur samfélaginu sem heild,“ segir Soffía Auður Birgisdóttir, fræðimaður við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Höfn í Hornafirði.

Aðverkefninukomaaukhennar Arndís Lára Kolbrúnardóttir, verkefnastjóri á rannsóknasetrinu, Arndís Ósk Magnúsdóttir, laganemi við Háskóla Íslands, Hafdís Lára Sigurðardóttir, sem lauk BS-prófi í sálfræði frá Háskóla Íslands í vor, auk Þorvarðar Árnasonar, forstöðumanns rannsóknasetursins. „Sú alvarlega staða sem kom upp í sveitarfélaginu Hornafirði vegna COVID-19 er aðalkveikjan að verkefninu en einnig ríkur vilji rannsóknasetursins til að skapa sumarstörf fyrir háskólanema,“ segir Soffía enn fremur.

Erlent starfsfólk utan EES í verri stöðu

Stór hluti starfsmanna í ferðaþjónustunni í Hornafirði er af erlendu bergi brotinn og hafa sumir þeirra starfað í fjölda ára hjá sama fyrirtæki. Staða þeirra er mjög viðkvæm vegna tekju-samdráttar í greininni, að sögn Arndísar Óskar sem kannaði með viðtöllum félagslegt umhverfi, vinnuskilyrði og lagalega stöðu hóps sem starfað hefur í veitingaþjónustu, afþreyingu og á gistitheimilum og hótélum. „Niðurstöður rannsóknarinnar leiða í ljós bæði mjög skert atvinnuöryggi og ekki síður veik félagsleg tengsl þeirra í heima-byggðinni. Það kom jafnframt fram áberandi munur á milli einstaklinga sem eiga uppruna

innan og utan Evrópska efnahagssvæðisins en viðmælendur í síðarnefnda hópnum lýstu gjarnan neikvæðari upplifun þar sem þeir höfðu ekki notið atvinnuleysisbóta og höfðu ríkari áhyggjur af dvöl sinni í landinu,“ segir Arndís Ósk.

Seinni hluti sumars fór fram úr björtustu vonum ferðaþjónustufólks

Hafdís Lára ræddi við 11 atvinnurekendur á svæðinu, bæði á sviði afþreyingar-, gisti- og veitingaþjónustu. „Flestir atvinnurekendur voru mjög svartsýnir þegar litið var til næstu mánaða. COVID-19 hefur komið einna harðastniður á litlum, fjölskyldureknum fyrirtækjum en eigendur stærri og burðugri fyrirtækja, með lengri starfstíma, töldu reksturinn sinn nokkuð öruggan,“ segir Hafdís en bætir við að seinni bylgjur faraldursins kunni að hafa breytt þeirri sýn. „Seinni hluti nýliðins sumars fór þó fram úr björtustu vonum atvinnurekenda og vonuðust þeir að ferðamenn héldu áfram að koma til landsins í haust. Viðmælendur í veitingarekstri nefndu enn fremur þann jákvæða þátt að faraldurinn hefði veitt þeim svigrúm til þess að verja meiri tíma með sínum nánustu,“ segir Hafdís.

Þær Hafdís Lára og Arndís Ósk munu kynna niðurstöður sínar á ráðstefnunni Þjóðarspeglinum sem fer fram í Háskóla Íslands í lok október og þá vinnur starfsfólk Rannsóknaseturs Háskóla Íslands í Hornafirði einnig að skýrslu um verkefnið. Enn fremur stendur til að kynna niðurstöður þess fyrir heimamönnum á Höfn í Hornafirði á sérstöku málþingi nú í haust.

Fáar sambærilegar rannsóknir verið gerðar

Soffía Auður segir niðurstöðurnar afar þýðingarmiklar. „Rannsóknin býr yfir verulegu nýsköpunargildi því fáar sambærilegar rannsóknir hafa áður verið unnar hérlendis á þessum sviðum. Samtenging verkefnanna í eina heild gefur þeim aukid vægi því þannig fæst heildarstæðari sýn á breytingarnar sem eru að eiga sér stað og hvernig fólk bregst við þessum nýju og áður óþekktu aðstæðum. Niðurstöðurnar eru áhugaverðar og sú yfirsýn sem fékkst t.a.m. yfir líðan, viðhorf og réttindi erlendra starfsmanna ferðaþjónustufyrirtækja á Hornafirði mun vafalaust koma mörgum óþægilega á óvart því víða reyndist pottur brotinn.“

Fáum okkur bara kakó heima

Einn af föstu punktunum á aðventunni hjá mörgum hafa verið upplestrarkvöldin í Bókakaffinu. Í ár verður engin kakóvakt en bóksölum er ekki tamt að deyta ráðalausr. Eins og flest muna er venjan sú að lesið sé upp í gættinni milli búðar og fornbókabúðar. Þangað sækir heiti sitt upplestraröð Bókakaffins, *Í gættinni*, sem í ár er rafræn.

Hægt að hlusta aftur og aftur

Jólabókaflóðið er með fjölbreyttu og frumlegu sniði í ár enda flestir venjubundnir viðburðir út af borðinu. Því greip Sæmundur á það ráð að kalla til sín nokkra höfundu og taka upp – í gætt – til þess að gefa fólki færi á upplestrarupplifun við tölvuskjáinn.

Þættirnir munu birtast jafnt og þétt fram að jólum, en einnig munu berast lestrar frá höfundum víða um land og erlendis. Hægt er að nálgast lestrana á fésbókarsíðu Bókakaffins og bókaútgáfunnar Sæmundar.

Bóksalarnir báðir með bók

Ekki verður gefið upp hvaða höfundar birtast í gættinni, því ekki er til síðs að opna pakka fyrr en á tilsettum tíma. Nú þegar hefur Guðmundur Brynjólfsson lesið með sínum alþekktu tilþrifum úr *Síðasta barninu* og Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir kynnt bókina *Aldrei nema kona*.

Myndskeiðin munu birtast reglulega alla aðventuna og ekki er ósennilegt að Sunnlendingar sjái kunnugleg andlit. Þá eru bóksalahjónin bæði með bók í ár og gæti þeim sem best brugðið fyrir. Við hvetjum fólk til að brasa sér kakó og þeyta mikinn rjóma og fylgjast með hver birtast *Í gættinni* fram að jólum.



Hótel Selfoss

í aðdraganda jóla





Riverside restaurant á Hótel Selfossi býður upp á fjölbreyttan matseðil fram til jóla

Opið er frá 17-21 alla daga

Hægt er að panta af matseðli og sækja. Pantanir af jólaseðli þurfa að berast með minnst dags fyrirvara á info@hotelfselfoss.is

10% afsláttur ef sótt er. Ekki er boðið upp á heimsendingu

Hádegi

Opið er fyrir hópapantanir í hádeginu alla daga ef pantað er fyrir 10 eða fleiri og sótt. Pantanir þurfa að berast með dags fyrirvara.

Veitingasalur lokaður, eingöngu opið til að sækja veitingar 10% afsláttur

Hótel Selfoss & Riverside restaurant taka á móti ferðagjöfni

Tilboð í gistingu

Jóla-smellur: Gisting með morgunverði, fimm rétta jólaseðli og aðgangi að Riverside spa. Verð 37.000 í tveggja manna herbergi, 24.000 í einstaklingsherbergi

Gildir um helgar (föstudaga og laugardaga)

Sértilboð virka daga

Jóla-smellur: Gisting með morgunverði, fimm rétta jólaseðli og aðgangi að Riverside spa. Verð 30.000 í tveggja manna herbergi, 21.000 í einstaklingsherbergi

Gildir sunnudaga til fimmtudaga



Verð þú tíma með barninu þínu?

Rannsóknir sýna að börn og unglingar telja að sterk tengsl við foreldra veiti þeim það sjálftraust sem þarf til að þau lendi ekki í slæmum félagskap. Forvarnahópur Árborgar vill hvetja fjölskyldur til að njóta samverunnar yfir jólahátíðina.

Forvarnahópur Árborgar



ÆSKULÝÐSFULLTRÚI SELFOSSKIRKJU

Sóknarnefnd Selfoskirkju auglýsir eftir æskulýðsfulltrúa í 60% starf frá 1. janúar 2021, eða síðar í janúar eftir nánara samkomulagi. Hlutverk æskulýðsfulltrúa er að hafa umsjón með æskulýðs- og fræðslumálum kirkjunnar. Helstu verkefni eru umsjón með sunnudagaskóla og fjölskyldumessum, TTT, 6-9 ára, æskulýðsfundum og leiðtogaþjálfun. Menntun og reynsla sem nýtist í starfi nauðsynleg. Nánari upplýsingar um starfið og starfskjör veita séra Guðbjörg Arnardóttir sóknarprestur sími 865 4444 og Guðmundur Búason gjaldkeri sóknarnefndar sími 899 9613.

Umsækjendur geri skriflega grein fyrir menntun sinni og reynslu í æskulýðsstarfi. Umsóknir sendist í netpósti á selfoskirkja@selfoskirkja.is eða í bréfpósti á sóknarnefnd Selfoskirkju b.t. Björns Inga Gíslasonar formanns, Kirkjuvegi, 800 Selfoss. Umsóknarfrestur er til 15. des. Umsækjandi þarf að veita samþykki fyrir öflun upplýsinga úr sakaskrá á eftirfarandi eyðublaði: <https://kirkjan.is/library/Images/Frettamyndir/Skjol-vegna-fretta/samthykki-fyrir-oflun-upplýsinga-ur-sakaskra.pdf>

Sóknarnefnd Selfoskirkju



Íþróttir

Efni sendist á dfs@dfs.is

Bikarhetjan Þóra framlengir við Selfoss

KNATTSPYRNA Þóra Jónsdóttir skrifaði í seinustu viku undir nýjan, tveggja ára samning við knattspyrnudeild Selfoss.

Þóra, sem er 22 ára miðjumaður, er uppalin hjá knattspyrnudeild Selfoss og spilaði sína fyrstu meistaraflokksleiki sumarið 2018. Hún hefur nú leikið 47 meistaraflokksleiki fyrir félagið, þar af 29 í efstu deild. Þóra hefur skorað eitt mark fyrir Selfoss - og líklega það mikilvægasta - sigurmarkið í úrslitaleik bikarkeppinnar 2019.

„Þetta eru frábærar fréttir fyrir okkur og ég er mjög ánægður með að Þóra ætli að taka slaginn með okkur næstu tvö árin. Hún er búin að taka miklum framförum síðustu tvö ár hér á Selfossi



Þóra verður í vínrauðu næstu tvö árin. Ljósmynd: UMF Selfoss/GK

og er mjög mikilvægur hlekkur bæði innan vallar sem utan,“ segir Alfreð Elías Jóhannsson, þjálfari meistaraflokks kvenna.

Árlegt jólahappdrætti knattspyrnudeildarinnar

Flest okkar þekkjast iðkanda í knattspyrnudeild Selfoss. Þeir eru þessa dagana í óðaönn að selja happdrættismiða sem fjáröflun fyrir næsta keppnistímabil.

Hvetjum alla til að setja sig í samband við einhverja af þessum duglegu krökkum og kaupa af þeim miða og eiga möguleika á frábærum vinningum.

Miðinn kostar 1000 krónur og er glæsilegt sjónvarp frá Árvirkjanum aðalvinningurinn eins og síðustu ár.



Jóladagskrá Árborgar með breyttu sniði í ár

Í samtali við Ólaf Rafnar Ólafsson, atvinnu- og viðburðafulltrúa verða viðburðir með öðrum hætti en í venjulegu árferði. „Jólatré sveitarfélagsins verða kveikt á Stokkseyri og Eyrarbakka og verður það með breyttu sniði í ár, þar sem jólasveinarnir keyra um götur þorpanna. Jólaglugginn opnar 1. desember í Bókasafni Árborgar á Selfossi og opna svo koll af kolli fram til 24. desember. Það er dæmi um viðburð sem hentar vel í ljósi stöðunnar í samfélaginu. Gátunni er dreift til allra grunnskólabarna en einnig er hægt að nálgast hana á vefsíðu sveitarfélagsins,“ segir Ólafur um áskoranir í viðburðahaldi sveitarfélagsins.

Viðburðadagatalið aðal staðurinn

Þeir sem óska þess að komast á viðburði eða sjá hvað helst er um að vera hjá sveitarfélaginu geta farið á vefsíðuna arborg.is



Úr safni. Mynd: Dagskráin/BRV

og kynnt sér viðburðadagatalið þar. Þar munu allir viðburðir verða settir inn og kynntir. Margt er á döfinni en m.a. mun Byggðasafn Árnesinga verða með röð viðburða í ár sem öllum verður streymt. „Við

hvetjum alla til að fylgjast vel með viðburðadagatali sveitarfélagsins. Þar verða upplýsingar reglulega uppfærðar eftir aðstæðum hverju sinni,“ segir Ólafur að lokum. -gpp

Ráðning teymisstjóra á fjölskyldusviði í Árborg

Eftir gagngera skoðun um-sóknargagna og viðtöl við nokkra umsækjendur var ákveðið að ráða Önnu Rut Tryggvadóttur í starf teymisstjóra barnaverndar.

Alls bárust 7 umsóknir en ein umsókn var dregin til baka. Þá var ákveðið að ráða Guðrúnu Svölu Gísladóttur í starf teymisstjóra ráðgjafateymis félagsþjónustu en þar bárust 5 umsóknir en einn umsækjandi dró umsókn sína til baka.



Anna Rut Tryggvadóttir.

Guðrún Svala Gísladóttir.

Anna Rut Tryggvadóttir, félagsráðgjafi, hefur starfað sem félagsráðgjafi hjá Sveitarfélaginu Árborg síðustu fjögur ár og hefur nýlokið diplómagráðu í fjölskyldumeðferð til viðbótar við mastersgráðu í félagsráðgjöf.

Guðrún Svala Gísladóttir, félagsráðgjafi, hefur síðustu ár starfað sem forstöðumaður Klúbbsins Stróks og áður sem félagsráðgjafi hjá Sveitarfélaginu Árborg og hjá Kópavogsbæ. Hún er með M.A. gráðu til starfsréttinda í félagsráðgjöf.



Getur hópur eldhuga fengið heilt bæjarfélag til þess að draga úr óflokkuðum heimilisúrgangi um 10% á einu ári?

Það er spurningin sem við spyrjum okkur við upphaf Erasmus+ verkefnisins Crethink / Co-creative re-thinking for sustainable cities, sem Samtök sunnleuskra sveitarfélaga/SASS og Hveragerði taka þátt í.

Markmið verkefnisins er að hjálfa hinn almenna íbúa í að nota „samsköpun“ sem verkfæri við að leysa úr alls kyns flóknum samfélagslegum áskorunum.

Áskorunin sem hópurinn ætlar að einbeita sér að snýr að úrgangsmálum í Hveragerði og hvernig best sé að færa bæjarfélagið í átt að hringrásarhagkerfi með engri sóun eða „zero waste economy“.

Í verkefnahópnum sitja fyrir hönd Hveragerðis þau Bryndís Eir Þorsteinsdóttir, Kolbrún Vilhjálmssdóttir, Sigríður Kristjánsdóttir og Anton Tómasson auk Ingunnar Jónsdóttur verkefnisstjóra á vegum SASS og Elísabetar Björneyjar Lárúsdóttur ráðgjafa í umhverfismálum.

Þrjú önnur lönd taka þátt í verkefninu, Danmörk, Ítalía og Slóvenía og er hvert land að vinna með ólík viðfangsefni og áskoranir en öll notast þau við sömu aðferðarfræði sem felur í sér að virkja hagsmunaaðila með aðferðum samsköpunar (e. co-creation) og nýta til þess það sem kallað hefur verið „lifandi rannsóknarstofa“ eða living-labs. Nánar má lesa um verkefnið og þátttakendur á síðunni www.crethink.eu og

fylgjast með fréttum á <https://www.facebook.com/co.creative.re.thinking>.

Þegar unnið er með hugtakið samsköpun er öll áhersla lögð á að tillögur að lausnum við þeim áskorunum sem unnið er með verði til í opnu og skapandi samtali við alla hagsmunaaðila. Í framhaldi eru þessar lausnir færðar inn í lifandi rannsóknarstofuna þar sem reynt er að fá niðurstöður í það hvort þessar lausnir virki eða ekki.

Eins og áður sagði gengur íslenska áskorunin út á að reyna að finna leiðir til þess að draga úr óflokkuðum heimilisúrgangi í Hveragerði með það sem langtíamarkmið að koma bæjarfélaginu eins nálægt hringrásarhagkerfinu og hægt er. Gangi þetta verkefni vel sem og þær leiðir sem verið er að vinna með gæti útkoman jafnframt verið ákveðið skapalón fyrir önnur



bæjar- og sveitarfélög sem hafa áhuga á að fara í sömu vegferð.

Verkefnið er eins og áður sagði Erasmus+ verkefni sem klárast vorið 2022. Eins og gefur að skilja hefur Covid-19 sett sitt strik í reikninginn og ýmsar aðlaganir hafa þurft að eiga sér stað. Það er hins vegar von allra þátttakenda að þrátt fyrir það verði hægt að eiga gott samtal og samstarf við íbúa í Hveragerði um leiðir til þess að vinna okkur í átt að samfélagi án sóunar.

Ingunn Jónsdóttir, verkefnastjóri

Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónustu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - [f /keyrsla](https://www.facebook.com/keyrsla)

Óskað er eftir tilnefningum til Menntaverðlauna Suðurlands 2020

Samtök sunnleuskra sveitarfélaga (SASS) óska eftir tilnefningum til Menntaverðlauna Suðurlands 2020. Frestur til tilnefninga er til miðnættis miðvikudaginn 6. janúar nk. og þær skal senda á netfangið: menntaverdlaun@sudurland.is. Veitt verður viðurkenning sem og peningaverðlaun. Nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu SASS: www.sass.is.



SASS
SAMTÖK
SUNNLEUSKRA
SVEITARFÉLAGA



Okkar kæri,

Sigurgeir Höskuldsson
Selfossi II, Selfossi



lést 22. nóvember á Landspítalanum við Hringbraut. Útförin fer fram frá Selfosskirkju 4. des. kl. 13. Í ljósi aðstæðna verða aðeins viðstaddir nánustu ættingjar og vinir, en útförinni verður streymt á selfosskirkja.is.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Kikjuhvols og 13G Landspítala fyrir hlýja og einstaka umönnun. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim, sem vilja minnst hans, er bent á líknarfélög.

Rangheiður, Arna Viktoría og Valdís



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,



Erlu Jakobsdóttur,
Grænumörk 2,
Selfossi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks HSU, Sólvalla Eyrarbakka og deildar A6 á Landspítalanum fyrir nærgætni og góða umönnun.

Rúnar Jakob Gränz
Eygló Lilja Gränz
Emilía Björk Gränz
Viðar Bjarnason
Gísli Árni Jónsson
barnabörn, barnabarnabörn
og barnabarnabarnabarn.

ÚTBOÐ

BJARKARLAND, GATNAGERÐ

OG LAGNIR 2. ÁFANGI 2020

Umsjón og eftirlit verkframkvæmda



Fyrir hönd Sveitarfélagsins Árborgar er óskað eftir tilboðum í verkið:

Bjarkarland, gatnagerð og lagnir 2. áfangi 2020 - Umsjón og eftirlit verkframkvæmda.

Verkefni eftirlitsaðila felst í að hafa umsjón og eftirlit, með verkframkvæmd þ.e. útboðsverkinu, „Bjarkarland, gatnagerð og lagnir, 2. áfangi“.

Verk framkvæmd felur í sér gatnagerð og lagnavinnu í Bjarkarlandi á Selfossi, þ.e. gröft, fyllingar, burðarlög og malbikun gatna og stíga, lagningu stofnlagna og heimæða fráveitu, vatnsveitu, hitaveitu, rafveitu og fjarskiptalagna og götulýsingu.

Helstu magntölur verkframkvæmdar eru:

Gröftur	112.000 m ³
Fyllingar	116.000 m ³
Styrktar- og burðarlag	52.700 m ³
Malbik	42.700 m ²
Frárennslislagir	6.800 m
Vatnslagir	4.500 m
Hitaveitulagir	4.500 m
Fjarskiptalagir	12.600 m
Raflagir götulýsingar	8.100 m
Götuljósastólpar	200 stk

Verk framkvæmdin er áfangaskipt á eftirfarandi hátt:

Áfangi A, Björkurstekkur	1. september 2021.
Áfangi B, Hólastekkur	1. september 2022.

Hitaveitutenging um Hólasteck

skal að fullu lokið:	1. desember 2021.
Áfanga C, Hluti Móstekks	1. október 2023.
Áfanga D, Móstekkur kláraður:	1. júní 2024.
Verkinu skal að fullu lokið:	1. júní 2024.

Útboðsgögn verða afhend í útboðskerfinu Ajour þar sem bjóðendur geta sótt gögn frá og með 1. desember 2020. Bjóðendur skrá sig inn á vef og hlaða niður gögnum.

<https://is.ajoursystem.is/Tender/DirectLink/0d968d22-34c0-4acd-b3d2-2308dcb8bf93>

Notkunarleiðbeiningar um kerfið má sjá hér
<https://help.ajoursystem.com/astopic/tender/>

Tilboði skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour. Tilboð skulu sett fram með þeim hætti sem sett er fram í útboðskerfinu og í samræmi við skilmála útboðs og hlaða upp þeim skráum sem gerð er krafa um. Bjóðandi fær staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði. Ef enginn póstur berst, hefur afhending ekki tekist. Bjóðendur skulu í þeim tilfellum leita til Ajour þjónustuaðila án tafar. Bjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist á réttum tíma og eru hvattir til að hefja tímanlega vinnu við að skila þeim inn.



Ekki dugir að sitja með hendur í skauti Eflum skógrækt til kolefnisbindingar

**Karl Gauti
Hjaltason**

þingmaður
Miðflokksins í
Suðurlandshéð



Áhrif mannsins á náttúruna eru með þeim ósköpum að stórsér á umhverfi okkar og lífríki. Þetta á ekki aðeins við til skamms tíma, heldur gæti verið um langvinn áhrif að ræða. Mengun hefur stóraukist og margir vísindamenn telja áhrifin á loftslag geti valdið hlýnun jarðar, sem hafi óæskileg áhrif á allt lífríkið, þar á meðal lífsskilyrði mannsins sjálfs.

Hver eru úrræðin?

Þjóðir heims hafa með ýmsum hætti gripið til ráða til að stemma stigu við óæskilegum áhrifum í þessum efnunum. Ýmis úrræði koma til greina og stjórnmálamenn eiga að varða veginn. Bent er á að draga þurfi úr losun gróðurhúsalofttegunda, en þar er komið við kauninn á sjálfum hagvexti heimsins og erfitt um vik með skjótvirkar aðgerðir. Einnig má leita leiða til að binda þessi efni til þess að draga úr áhrifunum með kolefnisbindingu.

Árangursríkasta aðferðin

Skógrækt er vísindalega viðurkennd sem ein allra áhrifaríkasta leiðin til kolefnisbindingar. Þjóðir heims horfa nú mjög til þess að með því að rækta nýja skóga náist að hamla með umtalsverðum hætti á móti áhrifum víða er enn í vexti. Ekki síður er nýskógrækt hugsuð til að vinna á móti vaxandi skógar-eyðingu víða um heim. Þær

þjóðir sem gengið hafa hvað lengst í þessum efnunum sjá fram á að í framtíðinni munu íbúar njóta afurða þessara skóga.

Skilyrði hér hagstæð

Hér á landi búum við svo vel að eiga nægt land og þar að auki mikil landflæmi sem ekki eru nýtt, bæði auðnir og eyðisanda. Fyrir hundrað árum trúðu fáir því að hér gætu þrífist gróskumiklir skógar. Það hefur nú verið afsannað rækilega. Þvert á móti eru ágæt skilyrði til þess að við getum verið sjálfum okkur næg um flest allt sem viðkemur skógarafurðum. Að auki getum við lagt heilmikið til að bæta fyrir umgengni okkar við náttúruna með því að eftirláta nýjum skógum að binda meira af óæskilegum gróðurhúsalofttegundum.

Loftslagssektir

Losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi og aukning hennar leiðir til þess að við uppfyllum ekki alþjóðlegar skuldbindingar okkar samkvæmt Parísarsamkomulaginu. Útlit er fyrir að við þurfum að kaupa losunarheimildir fyrir milli 10 og 20 milljarða króna.

Óskýr sleipihugtök

Aðgerðir stjórnvalda til að koma í veg fyrir þetta hafa reynst ómarkvissar og í smáskömmtum. Vinstri mennirnir, sem fara með ferðina í þessum málaflökki klæða lausnirnar í hugsjónabúning og huga lítt að raunhæfum aðgerðum sem gætu borið árangur. Fjárveitingar eru auknar til gagnslitilla og jafnvel óþróaðra aðgerða og oft án fullnægjandi rökstuðnings um árangur. Stjórnsýslan er hugleiknari en aðgerðir og athyglinni er beint

að sleipihugtökum og þau gerð að aðalatriðum, fremur en að verkefnum sem vænlegar eru til að bera raunverulegan árangur.

Kolefnisbindingunarsuð

Fjölmargar þjóðir hafa eftir skógrækt í þeim tilgangi að auka kolefnisbindingu. Eftir mikinn samdrátt í skógrækt sem varð hér á landi eftir hrun hefur stjórnvöldum ekki tekist að snúa þeirri þróun við. Ráðherra umhverfismála kennir fyrri stjórnnum um, en hefst ekki að sjálfur. Hin örtilta aukning sem orðið hefur í skógrækt, er mestmegnis í birki sem bindur margfalt minna kolefni en öflugustu trjátegundir sem reynsla er komin á hér á landi. Þess í stað er siglt hraðbyri í átt að því að þurfa að greiða milljarða í loftslagssektir með tilheyrandi tjóni fyrir íslenskt samfélag.

Tillaga um fjórföldun skógræktar

Nýverið mælti ég á Alþingi fyrir tillögu til þingsályktunar um fjórföldun skógræktar með kolefnisbindingu fyrir augum. Stóraukin skógrækt hefur fjölmarga kosti. Hún rennir styrkari stoðum undir atvinnu til lengri og skemmri tíma og eflir landsbyggðina. Skógrækt sparar gjaldyri, bæði hvað varðar loftslagssektir og innflutning á timbri í framtíðinni og minnkar útblástur í flutningum, eykur búslæð í sveitum og styður við hefðbundinn landbúnað. Tími er komin til að hætta að fjölga störfum í stofnunum og ráðuneytum en láta þess í stað hendur standa fram úr ermum og græða upp skóga í þágu komandi kynslóða.

Hæfnisetur ferðapjónustunnar fjármagnað til 2023

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra hefur endurnýjað samning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um verkefnið Hæfnisetur ferðapjónustunnar sem er samstarfsverkefni stjórnvalda og aðila vinnu- og atvinnuleysisins um að auka hæfni í ferðapjónustu á Íslandi.

Frá árinu 2017 hefur Hæfnisetrið lagt áherslu á að koma á fræðslu innan fyrirtækja í ferðapjónustu í samvinnu við ýmsa fræðsluáðila. Yfir 90 fyrirtæki hafa nýtt sér þjónustuna. Enn fremur hefur Hæfnisetrið þróað þrepaskipt starfsnám og raunfærnimat í starfsgreinum ferðapjónustunnar í samvinnu við greinina og skóla.

Næstu þrjú árin eða til ársins 2023 munu áherslur í starfi

Hæfniseturs ferðapjónustunnar taka mið af breyttum aðstæðum í umhverfi greinarinnar og þannig styðja við framgang og sjálfbærni íslenskrar ferðapjónustu.

Markmiðið með nýjum samningi er að framfylgja stefnu stjórnvalda á sviði hæfni, gæða og þekkingar í ferðapjónustu og tengja vinnu Hæfnisetursins við svæðisbundin stoðkerfi greinarinnar og áherslur hvers landshluta í samvinnu við hagaðila.

Hæfnisetrinu er einnig ætlað að aðstoða við að koma á fræðslu um allt land og nýta lausnir í stafrænni þróun með hliðsjón af breyttum áherslum á sviði öryggis, ferðavilja, heilsu, sjálfbærni ofl.

Einnig verður lögð áhersla á að þróa og fylgja eftir formlegu þrepaskiptu starfsnámi í greininni í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið og hagaðila með aukna hæfni starfsmanna í ferðapjónustu að leiðarljósi.



JÓI 2020

Kælitæki / Uppvottavélar / Eldunartæki
Þvottavélar og þurrkarar / Ljós / Ryksuger
Símtæki / Kaffivélar / Smátæki



SIEMENS Espressó-kaffivél, EQ.300

TI 351209RW

Hraðvirk upphitun. Kaffikvörn úr keramik. Einföld í notkun. Allar aðgerðir sýnilegar á skjá („coffeeDirect“). Þrýstingur: 15 bór.

Jólaverð:
97.900 kr.
Fullt verð: 124.900 kr.



BOSCH Skafttryksuga, Serie 2

BCHF 216B

16 V. Ryksuga með skafti og handtryksuga. Hver hleðsla dugur allt að 40 mín.

Jólaverð:
23.900 kr.
Fullt verð: 29.900 kr.



BOSCH Þvottavél, Serie 4

WAN 2823BSN

Vindur upp í 1400 sn./mín. Kolalaus, hjóllátur og sparneyttinn mótur með 10 ára ábyrgð. Sérkerfi eru meðal annars: Skyrtur, íþróttafatnaður, gallabuxur, mjög stutt kerfi (15 mín.), stutt kerfi (30 mín.), ull o.fl. Tromla: 55 lítrar.

Jólaverð:
93.900 kr.
Fullt verð: 119.900 kr.



BOSCH Þurrkari, Serie 4

WTH 85VB8SN

Gufubétting, enginn barki. EasyClean: Auðvelt að þrifa síu við rakabétti. Sérkerfi: Ull, blandaður þvottur, handklæði, tímastíllt kerfi, íþróttafatnaður, hraðkerfi 40 mín. o.fl.

Jólaverð:
119.900 kr.
Fullt verð: 149.900 kr.



SIEMENS Bakstursofn, iQ 100

SEHB 510ABROS

Með stóru 71 lítra ofnrými. Fjórar hitunaraðgerðir, þar á meðal 3D-heitur blástur. Hraðhitun.

Jólaverð:
87.900 kr.
Fullt verð: 109.900 kr.



SIEMENS Spanhelluborð, iQ 100

EH 631BEB1E

Án ramma. Fjórar spanhellur. Snertihappar. 60 sm.

Jólaverð:
97.900 kr.
Fullt verð: 129.900 kr.



BOSCH Ryksuga, Serie 2

BGL 2POW1

Lítill og nett. Öflugar síur. Vinnuradius: 8 m. Túrbó-ryksuguhaus fylgir með. Hljóð: 80 dB.

Jólaverð:
22.300 kr.
Fullt verð: 27.900 kr.



BOSCH Uppvottavélar, Serie 4

SMU 4HAB48S (svört)
SMU 4HAI48S (stál)
SMU 4HAW48S (hvít)

13 manna. Sex kerfi, þar á meðal hraðkerfi á 65° C (klukkustund). Fjögur sérkerfi, meðal annars tímastytting. Hljóð: 41 dB. „AquaStop“-flæðivörn. Home Connect: Wi-Fi.

Jólaverð (svört):
127.900 kr.
Fullt verð: 159.900 kr.

Jólaverð (stál):
111.900 kr.
Fullt verð: 139.900 kr.

Jólaverð (hvít):
104.900 kr.
Fullt verð: 129.900 kr.



SIEMENS Hraðsuðukanna

TW 86103P

2400 W. Tekur 1,5 lítra af vatni. Mögulegt að velja hita. Heldur heitu í allt að 30 mínútur. Slekkur sjálfkrafa á sér.

Jólaverð:
12.500 kr.
Fullt verð: 15.900 kr.



Stadler Form Rakatæki

Eva little

Lítið, öflugt og stílhreint. Dimmanleg LED-lýsing. Vatnstankur tekur fjóra lítra. Afköst mest 320 g/klst. Fimm hraðastillingar. Herbergisstærð: Allt að 50 m². Fáanlegt í hvítu og svörtu. Hæð: 36,5 sm. Þyngd: 2 kg.

Jólaverð:
16.900 kr.
Fullt verð: 21.900 kr.

Leggur til að gildistími ferðagjafar verði framlengdur

Þórdís Kolbrún Reykfrjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, hefur kynnt ríkisstjórn frumvarp um framlengingu á lögum um ferðagjöf, nr. 54/2020. Með breytingunni verður gildistími þeirra ferðagjafa sem ekki hafa verið nýttar eða ekki nýttar til fulls framlengdur til 31. maí 2021, eða um fimm mánuði.

Einstaklingar með íslenska kennitölu og skráð lögheimili á Íslandi, fæddir 2002 og fyrr, fengu Ferðagjöf að andvirði 5000 kr. í júní. Gjöfin er liður í því að styðja við bakið á íslenski ferðapjónustu í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru.

Ferðagjöfin hafði gildistíma til áramóta, en með því að framlengja gildistímann má nýta þegar ætlað fjármagn til að veita ferðapjónustufyrirtækjum hérlendis frekari viðspyrnu yfir vetrartímann og fram á vor 2021. Með því er einnig brugðist

við þeim aðstæðum sem skapast hafa vegna samkomubanns og lokana undanfarnar vikur og mánuði.

175 þúsund einstaklingar hafa þegar sótt ferðagjöfina, af um 280 þúsund sem hafa fengið

hana útgefna. Af þeim hafa um 125 þúsund einstaklingar þegar nýtt sér ferðagjöfina. Tæplega fimmtíu þúsund ferðagjafir hafa enn ekki verið nýttar.

Frumvarpið verður nú kynnt og lagt fyrir Alþingi.



Hvergerðingar hanna jólahúfur

Hveragerðisbær og Bókasafnið í Hveragerði efna til samkeppni um jólahúfuna 2020. Allir geta tekið þátt, en dómnefnd mun veita verðlaun fyrir jólalegustu, frumlegustu og skemmtilegustu húfuna.



Þarf að vera eigin hönnun og hugvit

Jólahúfan þarf að vera eigin hönnun og hugverk. Hún má vera þrjúföld, heklud, saumuð eða endurunnin á einhvern hátt. Skiladagur er í síðasta lagi fyrir mánudaginn 21. desember 2020.

Framsækin frumvörp í boði Framsóknar

Silja Dögg Gunnarsdóttir

Þingmaður Framsóknarflokksins



tilgreindum ástæðum nýtt sinn rétt til fæðingarorlofs. Það gæti t.d. átt við þegar börn eru ekki feðruð og þegar umgengni annars foreldris við barnið er engin eða verulega takmörkuð á grundvelli niðurstöðu lögmættis stjórnvalds eða dómstóla.

Framsóknarflokkurinn hefur verið í fararbroddi á vettvangi jafnréttismála og fjölskyldumála um áratugaskeið. Páll Pétursson var félagsmálaráðherra og þingmaður Framsóknarflokksins þegar gerð var veigamikil breyting á lögum um fæðingarorlof árið 2000. Ísland var þá fyrsta landið í heiminu til að lögbinda rétt beggja foreldra til töku fæðingarorlofs.

Viðamikil endurskoðun

Núverandi félags- og barnamálaráðherra, og þingmaður Framsóknarflokksins, Ásmundur Einar Daðason hefur nú lagt fram frumvarp um breytingar á lögum um fæðingar- og foreldraorlof. Ráðherra skipaði nefnd í ágúst 2019 sem hafði það hlutverk að endurskoða lögin frá árinu 2000 í heild sinni. Alls er gert ráð fyrir að 19,1 milljarði króna verði varið í fæðingarorlof á árinu 2021 sem er tæplega tvöföldun á þeim fjármunum sem fóru til málaflökksins árið 2017, á verðlagi hvors árs.

12 mánuðir

Helstu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu er lenging fæðingarorlofs í 12 mánuði vegna barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur frá og með 1. janúar 2021. Sjálfstæður réttur hvors foreldris um sig verður sex mánuðir en foreldrum verður heimilt að framselja einn mánuð sín á milli, og því getur annað foreldrið tekið fæðingarorlof í sjö mánuði en hitt í fimm.

Undantekningar frá reglunni

Þá eru lagðar til frekari heimildir til yfirfærslu réttinda á milli foreldra þegar annað foreldri getur ekki af nánar

Styrkur til þeirra sem búa fjarri fæðingarstað

Þá er lagt til að barnshafandi foreldri verði veittur sérstakur styrkur vegna skerts aðgengis að fæðingarþjónustu. Það þýðir að í þeim tilvikum þegar barnshafandi foreldri þarf að mati sérfræðilæknis að dvelja fjarri heimili sínu, fyrir áætlaðan fæðingardag, í tengslum við nauðsynlega þjónustu vegna fæðingar barnsins getur það fengið fjárhagsstyrk. Því síðastnefnda fagna ég sérstaklega, en á haustþingi 2017 lagði ég fram frumvarp þess efnis að fæðingarorlof þeirra sem þyrftu að hefja töku fæðingarorlofs snemma vegna búsetu fjarri fæðingarstað, yrði lengd sem næmi þeim tíma sem fólk yrði að dvelja fjarri heimili. Þar með yrði réttur barna til samveru við foreldra fyrstu mánuði lífsins tryggður án tillits til búsetu þeirra.

Mögulegar breytingar í meðferð Alþingis

Alþingi hefur nú fengið málið til efnislegrar meðferðar. Það kann að fara svo að gerðar verði einhverjar breytingar á framlögðu frumvarpi ráðherra, því þingmenn kunna að hafa ólíka sýn á einstaka útfærslur laganna. Stóra myndin er hins vegar alltaf sú, að vegna áherslna Framsóknarflokksins mun fæðingarorlof foreldra og þar með réttur barna til samvasta við foreldra sína verða lengdur úr 9 mánuðum, eins og staðan var við upphaf kjörtímabilsins 2017, og í 12 mánuði frá komandi áramótum.

Enn eitt framfaraskrefið hefur verið stigið í boði Framsóknarflokksins. Áfram veginn!

BRÜDER & ROLLYTOYS

Leikföng sem endast!

brüder



Jólagjafirnar fást hjá okkur!



Vesturhrauni 3 // 210 Garðabær // 480 0000 // aflvelar.is // sala@aflvelar.is
Austurvegi 69 // 800 Selfoss // 480 0400 // jotunn.is // jotunn@jotunn.is

Útivera og hreyfing á aðventunni; skógræktarreiturn í Múlakoti



Engu að síður eru þarna hæstu tré landsins af einstökum tegundum, en hvað sem öllu slíku kemur við fyrir trjáunnendur, þá er þarna orka og náttúra sem hleður batterí fyrir ómerka farandverkamenn eins og mig.

Það sem ég tók eftir var að enginn kom á staðinn meðan við vorum að störfum og í þau skipti sem ég hef farið þangað síðan, er ég einn á þessum merkilega stað.

Ég vil hvetja alla sveitunga mína til að prufa þennan stað, það þarf að viðra alla menntskælinga, eldri borgarar og almenningur allur þarfnast þess að fá að hreyfa sig í hálfan tíma eða einn öðru hvoru. Hér er uppástunga um stað sem hægt er að heimsækja í hvernig veðri sem er.

Þorsteinn Jónsson, frá Lambey, er hafsjór fróðleiks um náttúru og sögu Rangárfings eystra. Í gær, sunnudaginn 29. nóvember, setti Þorsteinn inn á Facebook-síðu sína, léttu áskorun á sveitunga sína en hún ber heitið „Útivera og hreyfing á aðventunni.“ Hér fær Þorsteinn orðið:

„Í Fljótshlíðinni er einn staður sem gæti talist falin perla, en það er „gamla gróðrarstöðin“ í Múlakoti. Þar var fyrrum uppeldisstöð plantna sem var lögð af er Skógræktin á Tumastöðum komst í gagnið upp úr 1950. Staðurinn er í umsjón „Skógræktarinnar“ en sökum lítils mannafla og fjárleysis hefur henni verið lítið sinnt undanfarnin ár og leit óvenju illa út í vor sökum óveðra og trjábrotarástliðinn vetur.

Rangárfing eystra samdi því við „Skógræktina“ um að koma til aðstoðar við að grisja brotin tré undanfarninna ára, koma þeim á Tumastaði í veg fyrir kurlara og síðan að gera gönguleiðir um gömlu stöðina og upp í skóginn fyrir ofan kletta. Þetta vann síðan atvinnuaukandi hópur sveitarfélagsins, þeir námsmenn sem sóttu um vinnu í ástandinu sem var og er enn. Grafnir voru skurðir til að þurrka gönguleiðir og borið kurl í stíginn ofan og neðan kletta. Lagadir voru bekkir og borð, málað hlið og gert við tröppur. Má segja að þessi fyrrum náttúruparadís hafi fengið smá uppreist æru!

Þarna voru fyrir á árum stærstu tré landsins uns aðeins stærra tré fannst á Kirkjubæjarklaustri.





prentmet
heildarlausnir í prentun



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Sími 482 1944
selfoss@prentmet.is
prentmetoddi.is
Eyravegur 25, Selfoss



Vantar þig heyrnartæki?



Heyrnarmælingar, ráðgjöf og heyrnartækjapjónusta

Opn S eru ný tegund heyrnartækja frá Oticon sem hjálpa þér að heyra margfalt betur í fjölmenni og klíð. Þú getur fengið Opn S með endurhlaðanlegum rafhlöðum. Árni Hafstað sérfræðingur frá Heyrnartækni verður á Selfossi í desember.

Selfoss

14. desember

Bókaðu tíma í síma 568 6880 eða á www.heyrnartaekni.is



Heyrnartækni | Glæsibæ | Álftheimum 74 | 104 Reykjavík | Landsbyggðapjónusta | Sími 568 6880



ROYAL CANIN

FÓÐURBLANDAN

15%

GÆLUDÝRAVÖRUR OG FÓÐUR

20%

15%

HESTAVÖRUR

15%

ULLARFATNAÐUR

15%

JAKKAR

15%

HANSKAR, HÚFUR OG SOKKAR

15%

STÍGVÉL

15%

VINNUFATNAÐUR

60%

SARACEN HESTAMÚSLÍ*

*Stuttur stimpill

15%

KULDAGALLAR

15%

HÚFA FYLGIR FRÍTT MEÐ PÖNTUNUM Í VEFVERSLUN Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST. FRÍ SENDING Á PÖNTUNUM YFIR 30.000 KR.

Sjá sendingarskilmála í vefverslun.

SVARTIR DAGAR

27. NÓVEMBER - 4. DESEMBER

GLÆNINGUR FRÁ ROYAL CANIN FYLGIR MEÐ KAUPUM Á GÆLUDÝRAVÖRUM YFIR 5.000 KR.



FÓÐURBLANDAN

www.fodur.is
fodur@fodur.is

FB Reykjavík
Korngráðar 12
570 9800

FB Selfoss
Austurvegur 64a
570 9840

FB Hvalsvíllur
Dufþaksbraut 1
570 9850

SENDUM UM ALLT LAND

Viltu vekja athygli á Suðurlandi?
Hafðu samband og fáðu tilboð í auglýsingar

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is



Hið sívinsæla dagatal Búsögu

nú fyrir árið 2021

er komið í sölu á aðeins 2.000 kr.

Fallegar myndir af dráttarvélum
og fræðandi texti.

Tilvalin jóla- eða tækifæringsjöf.



Sendum í pósti um land allt.

Sími 894-9330 og netfang: busaga@simnet.is

Laugalandsskóli auglýsir eftir:

STUÐNINGSFULLTRÚA



Við auglýsum eftir stuðningafulltrúa í 50% starf við
Laugalandsskóla í Holtum frá og með 7. janúar 2021.

Hann mun aðstoða nemendur í leik og starfi og leiðbeina þeim
í samskiptum þeirra við aðra nemendur og starfsfólk skólans.

Menntun og hæfniröfur

Reynsla af að vinna með nemendum. Viðkomandi þarf að vera
lipur í samskiptum og hafa ánægju af því að starfa bæði með
börnum og fullorðnum.

Umsóknarfrestur er til 10. desember.

Umsóknnum skal skila til skólastjóra eða senda rafrænt á
netfangið sigurjon@laugaland.is.

Nánari upplýsingar veitir skólastjóri í síma 896 4841.

Örsögur úr safneign



Sunnlenskar konur mótmæla á Alþingi,
eftir Hildi Hákonardóttur (1938). Teppið var ofið
1974. Tilurð þessa verks var ágreiningur út af
hækkun landbúnaðarvara árið 1973, þar sem ýmsir
borgarbúar hvöttu til kaupa á erlendri vöru í stað
innlendrar. Það varð til þess að 26. mars ferðuðust
tuttugu og fimm konur úr Skeiða-, Hraungerðis- og
Villingaholtshreppi til Reykjavíkur og lögðu fram
mótmæli sín á Alþingi gegn þessum aðgerðum.

LISTASAFN
ÁRNESINGA

Sjá má fleiri verk á vefsíðunni: listasafnamesinga.is
Verkefnið er styrkt af Uppbyggingarsjóði Suðurlands

Pífukragi

Pífur eru mjög vinsælar á barnafötum þessa dagana
og hér kemur uppskrift að pífukraga sem getur farið
vel við boli og kjóla við ýmis tilefni, ekki síst við
háttíðarfötin. Fljótlegt og þægilegt.

Garnið heitir Fiesta og er frá Cewec. Það er að mestu
úr viskos og bómull og hefur háglans áferð en er líka
loðið. Garnið er sérlega mjúkt og fallegt og fæst í
nokkrum litum. 1 dokka dugur í kragann. Til að binda
kragann þarf 80 sm satínborða sem við eigum í ótal
litum og breiddum. Þrjónar no 4. Þrjónafesta: 23
lykkjur = 10 sm

Stærðir: 6 mánaða, (1 árs) 2ja (3ja) 4ra ára.

Fitjið upp 190 (200) 210 (220) 230 lykkjur. Fyrsta
lykkjan er alltaf tekin óþrjónuð fram af þrjóninum.
Þrjónið sl til baka og síðan 2 umf sl. Þá eru komnir 2
garðar. Næsta umf er á réttunni. Hér eftir er þrjónað sl
á réttunni og br á röngunni.

Vel má þrjóna kragann með sl þrjóni eftir
garðþrjónskantinn en hér var þrjónað einfalt
gataprjón þannig: Þrjónið fyrst 4 umf. ** - *Prj saman
5. og 6. l og sláið síðan upp á þrjóninn*. Endurtakið * -
* út umferðina. Þegar þrjónað er br til baka er þrjónað
í þráðinn sem slegið var upp á. Þrjónið síðan 2 umf. *
Prj 1 l, prj 2. og 3. l saman. Sláið upp á þrjóninn, prj 3
l *. Endurtakið * - * út umferðina. Þrjónið til baka eins
og áður og síðan 2 umf **. Endurtakið ** - ** þar til
breiddin er orðin 4 (5) 5 (6) 6 sm en endið á einni eða
þremur umferðum eftir gataprjónsumferð.

Í næstu umf er fyrsta l tekin fram af þrjóninum
óþrjónuð eins og áður og síðan þrjónaðar saman
tvær l út umferðina. Þá hefur lykkjum fækkað
næstum um helming. Þrjónið brugðið til baka. Síðan
er þrjónuð önnur umferð þar sem lykkjum er fækkað
með því að þrjóna til skiptis 1 l og því næst 2 l saman.



Þrjónið slétt þrjón til baka. Þá eiga að vera 64 (68) 71
(74) 78 l á þrjóninum.

Næst er þrjónaður kantur. Þrjónið sl á réttunni og br
á röngunni alls 7 umf og síðan sl þrjón eina umf en
þá verður til rönd sem endar eft á kantinum. Þrjónið
aftur 7 umf eins og áður og fellid síðan laust af. Slítið
frá, hafið endann langan og dragið hann í gegnum
síðustu lykkjuna. Saumið kragann niður á röngunni
með því að þræða, án þess að strekkja á endanum,
í gegnum aðra hverja lykkju til skiptis í affellingunni
og í neðstu umferðina í kantinum. Gangið frá endum.
Þvoið í volgu sápuvatni, leggið til þeris og mótið í
leiðinni fellingarnar.

Þræðið satínbandið í kantinn. Annar möguleiki er að
búa til hneslu og setja tölu hinumegin.

Hönnun: Alda Sigurðardóttir



Hannyrðabúðin

Eyrangevi 23, Selfossi // 555-1314



Vetrarstígur lagður í Hveragerði þegar snjóar



leiðir og upplifanir. Gera megi
ráð fyrir að brýn þörf verði
á afþreyingarmöguleikum
fyrir almenning í vetur
sem samræmast hvers kyns
samkomutakmörkunum.

Stígurinn troðinn í allt að tólf skipti í vetur

Bæjarráð hefur heimilað að
stígurinn verði troðinn í allt
að 12 skipti á tímabilinu í
janúar til mars 2021. Í bókun
bæjarráðs kom m.a. fram að
með tilkomu sérstakrar brautar
á skógræktarsvæðinu inni í Dal
verði til alveg nýr möguleiki á
iðkun fjölbreyttrar útivistar yfir
vetrarmánuðina.

Staðsetning bæjarins aðlaðandi fyrir gesti

Hveragerði er vel staðsett
bæjarfélag í einungis 30
mínútna akstursfjarlægð
frá höfuðborgarsvæðinu. Í
bæjarfélaginu eru margir
skemmtilegir gisti- og
veitingastaðir auk afþreyingar.
Með tilkomu skipulagðs stígs
að vetrarlagi sem nýst getur
til fjölbreyttrar útivistar getur
Hveragerðisbær boðið gestum
bæjarins og íbúum enn eina
afþreyinguna og þannig ýtt
undir atvinnulíf og bætt búsetu-
skilyrði í bæjarfélaginu.

Tilboð Icebikeadventures
ehf. um að hanna,
leggja, kynna og sjá um
Vetrarstíg í Hveragerði var
samþykkt á fundi bæjarráðs
Hveragerðisbæjar þann 19.
nóvember sl. Í verkefninu felst
að um leið og snjóar nægilega
mun fyrirtækið troða fjölnota-
spor sem hjólandi, gangandi,
hlaupandi og skíðandi geta
nýtt sér. Verður stígurinn í
dalnum ofan við Hveragerði,
Vorsabæjarvöllum, og á
golfvelli Hvergerðinga. Verður

um að ræða tvær brautir, annars
vegar 6 km og hins vegar 4 km.

Heilsueflandi verkefni sem samræmist samkomutakmörkunum

Í minnisblaði sem lagt var fram
á fundi bæjarráðs kemur fram að
forsvarsmenn fyrirtækisins telji
að verkefnið geti verið íbúum til
heilsuþótar og skemmtunar og
dregið að innlenda ferðamenn
í vetur - gönguskíðafólk,
hjólríðamenn, göngufólk og
hlaupara sem nú þyrstir í nýjar



Við erum sérfræðingar í prentun bóka, almennu prentverki og framleiðslu umbúða. Öll framleiðsla fer fram á Íslandi.

Leyfðu okkur að finna bestu, hagkvæmustu og umhverfisvænustu leiðina fyrir þig.



Umbúðir



Almenn prentun



Bækur



Límmiðar

📍 Lyngháls 1, 110 Reykjavík 📞 5 600 600
Eyravegi 25, 800 Selfoss 📞 482 1944
Heiðargerði 22, 300 Akranes 📞 431 1127

🌐 prentmetoddi.is



Máttur kvenna - Rekstur fyrirtækis

Máttur kvenna er nám fyrir konur sem vilja öðlast þekkingu og færni í rekstri fyrirtækja.

Kennsla fer fram í fjarnámi þar sem þátttakendur geta sjálfir stjórnað því hvenær horft er á fyrirlestra og verkefni unnin, allt eftir hentugsemi hvers fyrir sig.



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

- í fararbroddi í fjarnámi

Umsóknarfrestur er til 10. desember

Nánari upplýsingar á bifrost.is

FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Ovreaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 17:30 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu
Hveragerði, efri hæð,
fimmtudaga kl. 20:30.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
S. 482 1944
dfs@dfs.is

BÍLAR

KLETTUR
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílavíðgerðir.
Hjólástillingar
HEKLA
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

AB SKÁLINN
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S: 662-1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri!

Hjá Maddy ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

TIL SÖLU



Fallegu laufbrauðsjárnin og
kleinuþjárnin eru komin aftur.
Renniverkstæði Björns Jen-
son. Háheiði 6, s. 862 7530.

LJÓSMYNDAR
PRENTUN

Prentaðu minningarnar
þínar hjá okkur

prentmet
heilidartlausnir í prentun

Sími 482 1944 | selfoss@prentmetoddi.is



Öðruvísi aðventa

Aðventan er gengin í garð. Þessi ljúfi, yndis-
legi og fallegi tími. Aðventan í ár verður
líklega öðruvísi en við erum vön. Að-
ventunni fylgja oft allskonar sam-
verustundir, jólahlaðborð, jóla-
skemmtanir og slíkt. Það er
eðlilegt að syrgja það að að-
ventan sé ekki eins og vana-
lega.

Það sem mér finnst já-
kvætt er að það sem ég
hingað til hef tekið sem sjálf-
sögðum hlut mun ég meta
betur þegar lífið verður aftur
„eðlilegt“. Ég veit nú að það er
ekki sjálfsgagt að fá að gefa vinum
og ættingjum jólaknú. Ég veit að það er
ekki sjálfsgagt að tengdafjölskyldan hittist í laufa-
brauðsgerð. Ég veit nú að það er ekki sjálfsgagt að
fá að mæta í Ikea og taka myndir með jólasvein-
inum og ég veit það svo sannarlega eftir þetta ár
að það er ekki sjálfsgagt að fá að mæta í kirkju.

Þar sem ég sit hér heima og skrifa þennan
pistil með Michael Bublé á „fóninum“ (já á vin-
ylplötu), þá horfi ég í kringum mig og spyr mig.
Gunnar Stella, hvað ertu þakklát fyrir á þessari
„öðruvísi“ aðventu?

- Ég er þakklát fyrir það að raðimar í búðir geri
það að verkum að ég vel betur hvenær og
hvar ég fer í búðir.
- Ég er þakklát fyrir það að á meðan ég bíð í
röð þá þarf ég að læra að vera en ekki flýta
mér eins og svo oft.
- Ég er þakklát fyrir að geta fengið jólatónleika
beint heim í stofu á víðræðanlegu verði eða
jafnvel ókeypis.
- Ég er þakklát fyrir að fá að vera meira með
nánustu fjölskyldu.
- Ég er þakklát fyrir að geta pantað jólagjafir á
netinu.
- Ég er þakklát fyrir að taka hefðir og venjur
ekki lengur sem sjálfsgaðan hlut.
- Ég er þakklát fyrir hversu margir kveiktu
snemma á jólaljósum.
- Ég er þakklát fyrir að sama hverjar ytri að-
stæður eru þá eru jólin hátíð ljóss og friðar
- Ég er þakklát fyrir að veitingastaðir og versl-
anir hugsa út fyrir kassann og gera aðventuna
einfaldari fyrir okkur öll
- Ég er þakklát fyrir jólalöggin sem eru farin að
heyrast í útvarpinu
- Ég er þakklát fyrir myrkið sem gerir þennan
árstíma extra notalegan.
- Ég er þakklát fyrir jólamyndir! TAKK Net-
flix.

- Ég er þakklát fyrir lyktina af grenigreinunum
sem ég notaði í adventukransinn.
- Ég er þakklát fyrir þig!



Ég átta mig á því að það er svo
óendanlega margt sem ég get
verið þakklát fyrir. Ég fæ tár
í augun við að hugsa um allt
það fallega og góða sem lífið
býður upp á. Ég veit samt
að þetta er erfitt. Ég veit að
þetta er öðruvísi. Einn daginn
munum við þó eiga möguleika
á að líta til baka og þakka fyrir
það sem þessi tími kenndi okkur.
Förum frá sársauka yfir í sigur.

Hvernig hljómar það?

Oft er aðventan þannig að okkur finnst við
þurfa allskonar en nú er „ég þarf að“ listinn al-
deilis búin að minnka.

- Ég þarf að fara á jólahlaðborð
- Ég þarf að þrifa húsið hátt og lágt
- Ég þarf að fara í jólaboð
- Ég þarf að gera adventukrans
- Ég þarf að fara í Ikea og taka myndir með
jólasveininum
- Ég þarf að senda jólakort
- Ég þarf að horfa á jólamyndir
- Ég þarf að mæta í skótuveislu

Hvernig væri að við myndum hætta að segja
við okkur „Ég þarf að“ og breyta listanum í „Ég
vil“...!

Hvað viltu gera á þessari „öðruvísi“ aðventu
og fyrir hvað ertu þakklát/ur?

**Einfaldara líf er að leyfa því sem mestu máli
skiptir að hafa forgang, en fjarlægja úr lífi
okkar það sem vinnur gegn því.**

Ef þú vilt skoða frekar hvernig hægt er að ein-
falda aðventuna eða gera hana þægilegri þá mæli
ég með því að þú hlustir á hlaðvarpið mitt *Ein-
faldara líf*. Þú getur nálgast hlaðvarpið á öllum
helstu hlaðvarpsmiðlum. T.d. Spotify, iTunes,
Youtube, Google podcast o.s.frv.

Ég deili reglulega uppbyggjandi tilvitnunum,
myndum og hugleiðingum á samfélagsmiðlum.
Þú getur fundið mig á Instagram og Facebook
undir nafninu „Gunnar Stella“.

Kærleiks„knús“,
Gunnar Stella

Málmsmíðaval í Laugalandsskóla

Ískapandi greinum, sem er
leinn af áhersluþáttum í nýju
aðalnámskránni, er leitast við
að nemendur öðlist sem dýpstan
skilning á þeim fyrirbærum sem
þeir fást við í námi sínu. Mikil
áhersla er lögð á verklega færni
og frumkvöðlanám þar sem
hvað er til frumkvæðis og sjálf-
stæðis í vinnubrögðum.

Það erum við að vinna að
í málmsmíðavaliinu í Lauga-
landsskóla. Málmsmíði hefur
verið valgrein í yfir 15 ár í skól-
anum og hefur Guðmundur Ingi
Bragason frá Vindási, kennt
mörgum högum nemendum að
smíða úr járn.

Í haust hafa fjórir knáir



Allir frá vinstri Daniél, Vikar R. Viðisson, Gabríel og Sumarliði Erlendsson.

sveinar stundað námið og hafa
smíðagripirnir verið af ýmsum
toga; gjallhamrar, búkkar undir
bíla, göngustafir fyrir smala-
mennsku og það nýjasta sem

komst á „götuna“ var forláta þrí-
hjól með miklu og góðu stýri og
lúxus-bílsæti þar sem ökumað-
urinn getur notið ferðarinnar í
notalegheitum.

Listhandverk í heimabyggð í jólapakkann!



Klemenzdóttir, sem vinna fjölbreytta nýttjahluti í leir.

Við kiktum við á vinnustofunni og spurðum hvaða gildi það hefði fyrir þær að hafa þessa aðstöðu:

„Það er mjög dýrmætt fyrir okkur að hafa þessa vinnuástöðu og erum við Hveragerðisbæ alveg sérstaklega þakklátar fyrir það. Það er líka yndislegt og mikil lífsfylling fyrir okkur að vinna með sköpun í svona frábærum félagskap, við komum og flórum eftir hentugleikum, en flestar erum við að vinna við eitthvað annað“. Andinn á vinnustofunni ber þess merki að þar eru skapandi og

listrænar konur að starfa. Það er notalegur andi sem svifur þar yfir vötnum.

Það er alltaf mikilvægt að versla í heimabyggð og hjá þeim er hægt að næla sér í einstakt og vandað listhandverk í jólapakkann!

Vinnustofa Handverks og hugvits stendur við Skólamörk og verður opin laugardagana 5. 12. og 19. des. kl. 12.00 – 17.00 alla dagana.

Það er einnig velkomið að koma við á öðrum tímum eða hafa samband við okkur í síma 661 2179 eða 694 8101.



Handverkshópurinn Handverk og hugvit undir Hamri í Hveragerði verður með opið hús á aðventunnu eins og undanfarin ár. Hópurinn hefur verið að vinna að endurbótum innanhúss í haust, en Hveragerðisbær leggur það til fyrir listsköpun í bænum og það má segja að þar sé hver fermetri vel nýttur af listafólki í handverki, myndlist og tónlist.

Fimm félagskonur reka nú vinnustofuna, en það eru þær; Andrína Jónsdóttir sem tálgar og malar fugla og Fríða M. Þorsteinsdóttir, Hrönn Waltersdóttir, Steinunn Aldís Helgadóttir, Ingibjörg

Jól í bæ í Hveragerði

Framundan eru dagar ljósa og hátíðahalda. Sjálf aðventan og síðan jólin. Þetta er tíminn sem við bíðum í ofvæni eftir á hverju ári. Á þessum tíma gleðjumst við með þeim sem okkur þykir vænt um og njótum samveru með vinum og fjölskyldu á hinum fjölmörgu viðburðum sem vanalega eru í boði í bænum okkar.

Nú í ár upplifum við óviðráðanlegar aðstæður sem gera að verkomu að hátíðin verður með allt öðru sniði en við erum vön. Veiran og takmarkanir á samkomum hefur breytt lífi okkar allra. En á sama tíma er mikilvægt að hætta ekki að gleðjast og hlakka til. Við sjáum fram á betri tíma

og vonandi færir næsta ár okkur bæði bóluferni og heilan helling af ferðamönnum.

En á meðan við bíðum eftir því þá er hægt að gera svo margt til að eiga góða og skemmtilega daga og til að búa til dýrmætar minningar fyrir ungu kynslóðina. Í ár hefur verið útbúinn skemmtilegur fjölskylduratleikur í Lystigarðinum Fossflöt þar sem tæknin er nýtt og símarnir fá stórt hlutverk þar sem leituð eru uppi listaverk í garðinum og svara þarf spurningum þeim tengdum. Hvetjum við alla til að eiga góða stund í Lystigarðinum, njóta jólaljósanna og þess umhverfis sem þar er.

Jólagluggar vítt og breitt um bæinn opna einn af öðrum í desember og það er gaman að leita þá uppi og taka síðan þátt í getrauninni sem þar er að finna. Fátt er síðan jólalegra en að fara í góðan göngutúr á milli þess sem við gæðum okkur á jólakræsingum. Þar er hægt að velja um gönguleiðir við allra hæfi, allt frá rölti á milli söguskiltanna í bænum, yfir í jólabað inni í Reykjadal.

Fyrir hönd bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar óska ég ykkur öllum yndislegar aðventu.

Aldís Hafsteinsdóttir,
bæjarstjóri.

Nýr miðlunartankur kaldavatsveitu tekinn í notkun í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Föstudaginn 20. nóvember var nýr miðlunartankur í Árnes kaldavatsveitu tekinn í notkun. Með þessari aðgerð ætti öryggi vatnsbúskapar veitunnar að verða mun betra en það hefur verið og er það vel!“ segir í tilkynningu frá sveitarfélaginu.



Félagsheimilið Árnes rekstraraðili óskast



Skeiða- og Gnúpverjahreppur auglýsir til leigu rekstur félagsheimilisins Árnes frá og með vori 2021.

Um er að ræða leigu á félagsheimilinu Árnesi og því sem fylgir. Framleiðslueldhús og salarkynni fyrir veitingarekstur sem rúmar allt að 300 manns.

Umsóknnum skal skila eigi síðar en 8. desember á netfangið kristofer@skeidgnup.is eða í lokuðu umslagi merkt Árnes 2021. Nánari upplýsingar veitir Kristófer Tómasson sveitarstjóri, sími 486 6100, netfang kristofer@skeidgnup.is

Með umsókn skulu fylgja upplýsingar um menntun og reynslu umsækjanda.

Sveitarstjóri

Stærsta sveitarfélag landsins?

Verkefnishópur „Sveitarfélagsins Suðurlands“ hefur lagt til við sveitarstjórnir Ásahrepps, Rangárþings eystra, Rangárþings ytra, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps að hafnar verði formlegar sameiningarviðræður sem lýkur með því að íbúar kjósa um sameiningu sveitarfélaganna á næsta ári. Sveitarstjórnirnar munu fjalla um tillöguna á fundum sínum í desember og taka endanlega ákvörðun.

Verkefnið Sveitarfélagið Suðurland hófst í desember 2019 með það að markmiði að leggja mat á það hvort hag íbúa sveitarfélaganna sé betur borgið í sameinuðu sveitarfélagi en í núverandi sveitarfélagaskipan. Til að svara þeirri spurningu var lagt mat á áhrif mögulegrar sameiningar á rekstur sveitarfélaganna, þjónustu, fjármál, gjaldtöku, skattlagningu og fleira sem varðar starfsemi sveitarfélaganna. Skipaðir voru starfshópar til að kortleggja stöðu, tækifæri, áskoranir og mögulega framtíðarsýn í



SVEITARFÉLAGIÐ SUÐURLAND

málaflokkum. Einnig var leitað eftir sjónarmiðum íbúa á opnum íbúafundum og í könnun á viðhorfi þeirra til sameiningar. Upplýsingar um verkefnið má finna á svsudurland.is.

Niðurstöður umræðna á íbúafundum og svör í viðhorfskönnun gefa vísbendingar um að vilji íbúanna sé að málið verði skoðað betur og þeim gefinn kostur á að kjósa um sameiningu þessara fimm sveitarfélaga.

Samþykki íbúar tillöguna verður til landstærsta sveitarfélag Íslands og þar af leiðandi stærsta skipulagsumdæmi landsins. Innan marka sveitarfélagsins yrði stór hluti hálendisins, Vatnajökulsþjóðgarður, merkar náttúruminjar og margir af helstu ferðamannastöðum landsins. Íbúar sveitarfélagsins yrðu um 5400.

82%

Sunnlendinga lesa Dagskrána í hverri viku



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

*samkvæmt Gallup-könnun október-nóvember 2018.

„Okkur finnst bara að það vanti svo margt inn í kynfræðsluna“

Liða Alfreðsdóttir, mennta- og kynfræðsluáhráðgjafi hefur látið til sín taka í því að gera gangskör í bætti kynfræðslu í skólum landsins. Fyrsta skrefið er að taka út núverandi fyrirkomulag í samvinnu við Sigríði Dögg Arnarsdóttur, kynfræðing og Sólborgu Guðbrandsdóttur fyrirlesara, sem haldið hefur úti samfélagsmiðlinum „Fávitar“ og gefið út samnefnda bók. Það er þó ekki eingöngu ráðherra sem kallar eftir breytingum heldur hafa krakkar í Grunnskólanum á Hellu óskað eftir því við skólastjórnendur að efla og uppfæra fræðsluna í takt við breytta tíma. Við ræddum við Nathaliu Lind O. Sölvadóttur um hvernig það horfir við henni.

Umræðan þarf að vera dýpri svo hún gagnist sem best

Það er að heyra á Nathaliu Lind að umræðan megi vera á dýptina og taka á sem flestum málaflokkum. „Okkur finnst bara að það vanti svo margt inn í kynfræðsluna hjá okkur í skólanum. Við viljum sjá til þess að hún sé upp á 10 bara fyrir okkur öll til að fræðast um og vera undirbúin undir það sem við tekur í framtíðinni. Því það er svo margt sem vantar þarna inn, eins og staðan er í dag!“ Aðspurð um hvað það sé sem þeim þyki helst standa út af borðinu segir hún: „Við þurfum meiri umræðu um kynlíf, mörk og sambönd. Kynferðisofbeldi og samskipti. Kynþroska, blæðingar, trans, gay, hinseginleikann og allt annað sem er í gangi núna í heiminum og bara allskonar.“

Mikilvægt að umræðan sé hispurlaus og uppi á yfirborðinu

Þegar ég ræði við Nathaliu Lind kemur strax fram að það sé afar mikilvægt að umræðan sé hispurlaus og uppi á yfirborðinu. Svona án alls tals undir rós. „Það er mikilvægt svo að börn og unglingar geta spurt og frætt sig án þess að það sé eitthvað feimnismál. Því ef þetta er feimnismál þá er svo erfitt að vera staddur í vanda og að vita ekki hvað þau eiga að



Krakkar í Grunnskólanum á Hellu vilja efla kynfræðslu og fá umfjöllun um kynferðismál upp á borðið, hispurlaust.

gera. Sem dæmi bara á fyrstu blæðingum, í kynferðisofbeldi, í hinseginleikanum eða guð má vita hvað. Ef við erum dugleg að tala um þessa hluti þá getur það komið í veg fyrir feimni og/eða vanda hjá börnum og unglingum,“ segir Nathalia Lind.

Umræðan ekki jafn mikið feimnismál og áður

Þegar við Nathalia berum saman nútímann og hvernig þetta var áður erum við nokkuð sannfærð um að málefnið sé mun opnara en áður. „Það er auðvitað misjafnt hvað fólk er opið. Sumum finnst þetta svaka feimnismál og bara skömmustulegt en öðrum finnst bara allt í lagi að tala um þetta. En það er samt svo mikilvægt að vita að það er ekkert skrytið og á ekki að vera nein skömm í þessum málum, þetta er allt eðlilegt og eðlilegar pælingar,“ segir Nathalia.

Samskipti milli unglinga betri en þau voru

Ég spyr Nathaliu Lind hvernig hún meti samskipti unglinga í dag, hvort þau fari versnandi eða séu að batna. „Ef ég á að vera hreinskilin þá eru þau orðin betri en þau voru, miðað við hvað maður hefur heyrt. En það eru enn þá unglingar þarna úti sem vilja ekki tala um þetta og þá er mikilvægt að tala um þessa hluti til þess að opna þeirra hlið á þessu máli.“ Það segir hún að hluta til ganga vel vegna samfélagsmiðla

og opinnar umræðu þar, sem dæmi á Instagram er síðan Fávitar sem fræðir mjög vel um allskonar tengt málefni. „Mér finnst bara frábært að fólk sé í samfélaginu er að taka þátt í þessu og láta í sér heyra. Því það er mjög mikilvægt. Endilega haldið áfram að láta í ykkur heyra því þín rödd skiptir máli! Og ef það eru einhverjar spurningar eða vandamál þá ekki hika við að spyrja og leita ykkur hjálpar.“

Viðbrögð skólans jákvæð

Við ræðum að lokum um það hvernig viðbrögð skólans hafi verið. Nathalia segir að þau hafi verið mjög góð. „Það gleður mig svo mikið að skólastjórnendur séu opin fyrir þessu og vilji gera allt sitt besta,“ segir Nathalia að lokum. -gpp

D+H BÓKHÁLD

- ✓ Bókhaldsþjónusta
- ✓ Skattskil
- ✓ Stofnun fyrirtækja
- ✓ Framtöl og ársreikningar
- ✓ Fyrirtækjaráðgjöf

.....

Dagbjört Hannesdóttir
MACC í viðskiptafræði
dhbokhald@gmail.com
s. 6933708

Y

YLJASHOP

Netverslun í Árborg
-fatnaður og leikföng

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert **kæling**

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaþjónustur - Almennar raflagnir

BÓNFDGAR

Gagnheiði 51 - Selfossi
Símar 482 2327 - 848 2327
- Sækjum og skilum -

Jiibbií

Siggafærðir

- Flutningaþjónusta -

Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.

Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur

Sími 772 6010

Rétting og málun

Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi

480 8020

Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eirisdóttir Elfar F. Sigurjónsson

Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

BRACAF
VINÁTTU!

Fæst hjá
BYKO Selfossi

**VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf**

Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismiði
Innréttingar
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

**Hjólbarðapjónusta
Magnúsar**

Gagnheiði 25 - Sími 482 2151

Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

Sprettur

ÁBURÐUR

Skeljungur
Lúvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

**Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti**

Bilverk BA

- þar sem lagmenningar vinna

★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Lagnaþjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311

Skrifstofa Þjónustusími

25. ára

NYTT

**Vinnuvélanámskeið
á netinu!**

www.vinnuvelaskolinn.is